


skoðun 16

LJÓSMYNDAKAFFIHÚS Í KÖBEN

*Sigurður Páll Sigurðsson ljósmyndari opnaði í október kaffihúsið Fotocaféen í Kaupmannahöfn.*

ALLT í miðju blaðsins



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

21. apríl 2010 — 92. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## Rándýr leigubíll

*Ágúst Jakobsson kvikmyndagerðarmaður neyddist til að taka leigubíl frá Barcelona til London.*



fólk 38

## Faust í Young Vic

*Vesturporti hefur verið boðið að setja upp afmælissýningu Young Vic í London.*

fólk 38



## Valur í lykilstöðu

*Valur er nú einum sigri frá Íslandsmeistaratitli kvenna í handbolta.*

íþróttir 34

## veðrið í dag




**LÉTTIR TIL** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s. Léttir til SV- og V-lands en minnkandi él norðaustan og austan til. Slydda við S-ströndina síðdegis.

veður 4





Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.


# Skerðing lífeyrissjóða gæti kostað ríkissjóð milljarð

**Fyrirhuguð skerðing á lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóðanna mun auka útgjöld Tryggingastofnunar um hundruð milljóna króna í ár. Þeir sem missa lífeyri fá hluta til baka frá ríkinu. Skerðingin er allt að 16,7 prósent.**

**FÉLAGSMÁL** Útgjöld ríkisins munu aukast um hundruð milljóna króna vegna fyrirhugaðrar skerðingar lífeyrissjóða á lífeyrisgreiðslum.

„Þetta veldur auðvitað talsverðum usla hjá okkur," segir Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar. Hún segir að þessar breytingar muni kosta ríkissjóð hundruð milljóna, og jafnvel um einn milljarð króna á ársgrundvelli. Þrátt fyrir það verða lífeyrisþegar af háum upphæðum.

Stjórnir stærstu lífeyrissjóðanna munu flestar leggja til verulega skerðingu á lífeyrisgreiðslum vegna slæmrar afkomu sjóðanna. Fyrirhuguð skerðing er mismikil og kemur ekki til framkvæmda á sama tíma hjá öllum sjóðum.

Þegar lífeyrir frá lífeyrissjóðunum minnkar hækkar tekjutengdur lífeyrir frá ríkinu á móti, segir Sigríður. Vegna þessa munu lífeyrisþegar fá til baka frá ríkinu 20 til 58 prósent af því sem þeir missa frá lífeyrissjóðunum.

Öryrkjar og ellilífeyrisþegar þurfa væntanlega sjálfir að láta Tryggingastofnun vita af skertum tekjum hjá lífeyrissjóðunum til að fá aukinn lífeyri, segir Sigríður. Lífeyristengdar greiðslur Tryggingastofnunar eru tæplega 50 milljarðar króna á ári. Áætluð hækkun gæti því numið um tveimur prósentum af þeirri upphæð.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna mun líklega skerða greiðslur um tíu prósent, og Gildi um sjö prósent. Lagt verður til að Almenni lífeyrissjóðurinn skerði greiðslur um 16,7 prósent. Stapi ætlar að frysta greiðslur tímabundið í ákveðinni krónutölu.

Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, stærsta lífeyrissjóði landsins, eru réttindi sjóðsfélaga föst og lögbundin, og því stendur ekki til að breyta þeim.

- bj / sjá síðu 10



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VINDÓTTUR VINUR KVADDUR** Sigurgeir Ingólfsson, bóndi í Hlíð undir Eyjafjöllum, varð í gær að sjá á eftir þremur hrossum í sláturhús. Ekki var pláss fyrir allar skepnurnar, eftir að bóndinn neyddist til að veita sauðfénu húsaskjól vegna öskufallsins úr Eyjafjallajökli. Fleiri bændur hafa þurft að bregða á það ráð að fella búfé. sjá síðu 6 og8

Frysta eignir auðmanna:

## Grunur leikur á undanskotum

**VIÐSKIPTI** Skattayfirvöld vilja kyrrsetja eignir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Hannesar Smárasonar vegna rannsóknar á hugsanlegu skattaundanskoti, að sögn Viðskiptablaðsins í dag.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

RÚV vitnaði í gærkvöldi í frétt blaðsins um að til rannsóknar sé hár rekstrarkostnaður FL Group í forstjóratíð Hannesar árið 2007, sem geti talist skattskyld hlunnindi. Jón Ásgeir eða menn í hans umboði fóru með stjórnarformennsku í félaginu.



HANNES SMÁRASON

- jab

Hjón í Mýrdal voru börn að aldri árið 1918 þegar hamfarirnar í Kötlu hófust:

# Hrædd við Kötlu í níutíu ár

**ELDGOS** Hjón í Mýrdal muna síðasta Kötlugos eins og gerst hafi í gær. Konan, Þórunn Björnsdóttir, á slæmar minningar um hamfarirnar og ætlaði sér aldrei aftur að heyra í eldgosi. Hún rifjar upp gosið 1918:

„Ég var hrædd og vakti með mömmu. Ég hef alltaf verið hrædd við Kötlu síðan. Ég vil ekkert af henni vita meira."

Maður Þórunnar, Ólafur Pétursson, er hundrað ára gamall og segist ekkert muna jafnvel og þegar Katla byrjaði að gjósa í blíðskaparveðri 12. október.

„Það kom stór alda upp að ströndinni," segir hann. Sem betur fer var þá enginn á ferð um Mýrdalssand.

Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur segir að ekki séu öll gos í Kötlu stór og fjölmiðlaumfjöllun um hvað þau séu hræðileg sé komin fram úr sér.

- kóþ, gun / sjá síður 6 og 8





Vantar þig smálán?

SMS 1917

10.000 - 40.000 kr. beint á bankareikning þinn.

Skráðu þig núna á www.hradpeningar.is

Þjónustuver: 511 1917

Hraðpeningar

**SPURNING DAGSINS**



*Hrafn, ætlar þú ekki að leggja lóð þína á vogarskálarnar til að sátt náist í málinu?*

„Ég er alltaf til í lóðarí.“

Kvikmyndagerðarmaðurinn Hrafn Gunnlaugsson stendur í miklu stappi við borgaryfirvöld þessi dægrin vegna framkvæmda hans utan lóðarmarka á Laugarnestanganum.

Jafnréttisstofa vill skýringar á skökku kynjahlutfalli í starfshópi fjármálaráðherra:

# Ein kona í sex manna hópi

**STJÓRNSÝSLA** Jafnréttisstofa mun senda fjármálaráðherra erindi og óska eftir rökstuðningi hans fyrir því að ekki sé gætt að kynjahlutföllum við skipan í starfshóp sem fjalla á um breytingar á skattkerfinu. Í starfshópinn voru skipaðir fimm karlmenn og ein kona.

„Það er algerlega skýrt í lögum að hlutur hvors kyns skal vera að lágmarki 40 prósent, nema alveg sérstök rök séu fyrir því,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.

Slík rök gætu til dæmis verið þau að ekki finnist sérfræðingar af báðum kynjum í ákveðnum málaflokkum. Það geti þó varla átt við í þessu máli. Í sex manna starfshópi ættu að sitja þrjár konur og þrír karlar svo farið sé að lögum.

„Að sjálfsögðu á ríkið að ganga á undan með góðu fordæmi,“ segir Kristín. Hún ætlar að skrifa fjármálaráðherra bréf þar sem farið verður fram á skýringar eða að skipað verði á ný í starfshópinn.

Fjármálaráðherra skipaði tvo af sex fulltrúum í starfshópnum, karl og konu. Forsætisráðherra, félagsmálaráðherra, efnahagsráðherra og samgönguráðherra skipuðu einn fulltrúa hver, allt karlmenn.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að ekki sé búið að ganga endanlega frá skipan starfshópsins, þrátt fyrir að tilkynning þar um hafi verið send fjölmiðlum. Þegar í ljós hafi komið hvernig kynjahlutföllin væru hafi verið gengið í að fá nýjar tilnefningar frá einhverjum af ráðuneytunum. **- bj, kóp**

Íslandslán frá Norðurlöndum:

## Helmingi áætlunarinnar lokið

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hafa samþykkt að veita íslenskum stjórnvöldum aðgang að lánafyrirgreiðslu upp á 440 milljónir evra, jafnvirði 75 milljarða króna. Samþykkt fyrir því kom í kjölfar annarrar endurskoðunar efnahagsáætlunar AGS og stjórnvalda hér.

Greining Íslandsbanka bendir á að tveir áfangar séu eftir af endurskoðun áætlunarinnar. Lánin frá Norðurlöndunum munu nema 1,8 milljörðum evra. **- jab**

Aðskilnaðarsinni vann sigur:

## Vonir um sameiningu dvína

**KÝPUR, AP Dervis Eroglu vann sigur í forsetakosningum tyrkneska hluta eyjunnar Kýpur. Hann fékk 50,3 prósent atkvæða, en núverandi forseti, Mehmet Ali Talat, sem hefur tekið þátt í sameiningarviðræðum, hlaut 42,85 prósent.**



DERVIS EROGLU

**Úrslit kosninganna munu væntanlega draga mjög úr hraða sameiningarviðræðna við ráðamenn gríska hluta eyjunnar, sem þó hefur þótt miða nógu hægt fyrir.**

**Einnig gætu úrslitin gert endanlega út um vonir Tyrkja um aðild að Evrópusambandinu, því ráðamenn þess gera kröfur til þess að sátt náist fyrst í Kýpurdeilunni.** **- gb**

Landsvirkjun fær krónulán:

## Fer í innlendan rekstrarkostnað

**VIÐSKIPTI** „Þetta lán tryggir okkur aðgengi að krónum til rekstrar hér. Við erum stöðugt að vinna í þessum málum,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, en hann skrifaði í gær undir samning um veltilán frá Íslandsbanka upp á þrjá milljarða króna til þriggja ára í nafni Landsvirkjunar.

Lánið er sambærilegt við yfirdráttarheimild og má ganga á það með litlum fyrirvara. Landsvirkjun hefur sambærilegan aðgang að 280 milljónum Bandaríkjadala vegna erlends kostnaðar. Landsvirkjun á fyrir laust fé upp á 110 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði fjórtán milljarða króna, og ræður yfir nægu fjármagni til að standa við allar skuldbindingar til ársloka 2012. **- jab**

# Svikahrappurinn var náðaður fyrir áratug

**Karlmaður sem situr í gæsluvarðhaldi, grunaður um að hafa haft hundruð milljóna af nær hundrað manns, var náðaður fyrir tíu árum þegar hann hafði verið dæmdur í 20 mánaða fangelsi fyrir fjársvik. Hann komst hjá afplánun.**

**DÓMSMÁL** Hálfsextugur karlmaður sem situr í gæsluvarðhaldi vegna meintra stórfelldra fjársvika var náðaður af heilsufarsástæðum fyrir um tíu árum og þurfti því ekki að afplána tuttugu mánaða fangelsi, sem Hæstiréttur hafði þá dæmt hann í, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Dómsmálaráðuneytið vildi ekki staðfesta þetta við blaðið.

Maðurinn var dæmdur fyrir misneytingu gagnvart áttræðri, heilabilaðri konu, með því að hafa fengið hana margoft til að taka fjárhæðir út af bankareikningi sínum og afhenda honum, ráðstafa veðskuldabréfi í hans þágu og undirrita erfðaskrá þess efnis að allar skuldir hans við hana skyldu falla niður við andlát hennar.

Konan hafði verið gift athafnamanni, sem lét eftir sig mikla fjármuni. Hún sat í óskiptu búi. Manninum sem nú situr inni vegna meintra fjársvika kynntust hjónin þegar hann tók að sér málningarvinnu fyrir þau. Eftir fráfall eiginmannsins var svikarinn í miklu sambandi við ekkjuna, ávann sér traust hennar og annaðist ýmsa hluti fyrir hana. Maðurinn ók henni í bankann og beið fyrir utan meðan hún sótti peningana, sem hún lét hann hafa. Í sumum tilvikum lét hún hann hafa ávísanir. Með þessum hætti tæmdi hún bankareikning sinn. Ekki var ljóst hvað varð um stóran hluta fjárins.

Auk tuttugu mánaða fangelsis var maðurinn dæmdur til að greiða gömlu konunni ríflega 30 milljónir króna vegna þessa. Hámarksrefsing fyrir brot af þessu tagi er 24 mánaða fangelsi.

Þessi sami maður hefur nú verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. maí, grunaður um að hafa svikið að minnsta kosti 300 milljónir króna út úr nær hundrað manns. Mest voru umsvif mannsins í Landsbankanum og hjá Byr sparisjóði, en allir reikningar hans eru til rannsóknar hjá lögreglu.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er maðurinn grunaður um að hafa boðið fólki væna ávöxtun fjár síns ef það hjálpaði honum til að losa gjaldeyri sem hann kvaðst eiga í bönkum erlendis. Fengju viðkomandi þá erlendan gjaldmiðil á miklu lægra verði en skráning segði til um. Þetta er á sömu nótum og margumræddir Nígeríusvindlarar hafa borið sig að. Þá virðist sem maðurinn hafi í einhverjum tilvikum notað fjármuni frá einum til að greiða með skuld sína við annan.

Maðurinn mun hafa haft frumkvæði að því að komast í samband við fólk, þar á meðal einhverja sem hann þekkti frá fyrri tíð.

jss@frettabladid.is



**GJALDEYRIR** Maðurinn er talinn hafa egnt fyrir fólk meðal annars með því að lofa því góðri ávöxtun á fjármunum sínum ef það aðstoðaði hann við að losa gjaldeyri með fjárframlögum.

### Náðun samkvæmt stjórnarskrá

**29. grein:** Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.

### Svona er náðað

1. Sá sem æskir náðunar sendir beiðni til dómsmálaráðuneytis.
2. Ráðuneyti aflar gagna frá fangelsisyfirvöldum og sendir málið til náðunarnefndar.
3. Náðunarnefnd skoðar málið og sendir tillögu til ráðuneytisins.
4. Ráðuneytið tekur ákvörðun, en undantekningalaus áratugahefð er fyrir því að það fari eftir tillögu nefndarinnar.
5. Sakamanni er tilkynnt um synjun, eða forseta Íslands send tillaga um að sakamaður verði náðaður.
6. Forsetinn staðfestir náðun.

* Heimild: Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið



**HEILSUVERNDARSTÖÐIN** Eigandinn óskar eftir að breyta húsinu í hótel fyrir vorið.

Hótel á Barónsstíg óafgreitt:

## Viðkvæmt segir fulltrúi VG

**SKIPULAGSMÁL Umsókn um leyfi til að breyta Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg í Icelandair hótel er enn óafgreidd hjá borgaryfirvöldum. Málinu var frestað á síðasta fundi skipulagsráðs að ósk Sóleyjar Tómasdóttur, fulltrúa Vinstri grænna.**

**Sóley kvaðst í gær lítið geta tjáð sig um málið því það væri viðkvæmt. Ekki náðist í Júlíus Vífil Ingvarsson, formann skipulagsráðs, en samkvæmt síðustu fundargerð ráðsins virðist ljóst að meirihluti ráðsins var reiðubúinn að samþykkja áætlanir um hótelrekstur í byggingunni.** **- gar**

Álver Alcan í Straumsvík:

## Stækkað fyrir 526 milljónir

**IÐNAÐUR** Alcan á Íslandi hefur samið við Íslenska aðalverktaka um ákveðnar verklegar framkvæmdir við fyrri áfanga straumhækkunar í Straumsvík.

Samningurinn nemur 4,1 milljón Bandaríkjadala, eða 526 milljónum íslenskra króna. Um sjötíu starfsmenn munu hafa vinnu af þessu, og hefst hún í mánuðinum.

Svo segir í tilkynningu frá Alcan, sem barst í gær. Þar segir enn fremur að straumhækkun álversins kosti hundrað milljónir Bandaríkjadala í heild sinni og að þriðjungur þess komi til með að falla til á Íslandi. **- kóþ**





Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt. Nota má forðaplásturinn einan og sér eða samtímis 2mg Nicorette lyfjatyggigúmmíi eða Nicorette innsogslyfi. Hámarksdagskammtur er 1 stk forðaplástur og annað hvort 24 stk lyfjatyggigúmm eða 12 hylki af innsogslyfi.Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


Lögregla leitar tveggja höfuðpaura á Spáni vegna stórfellds kókaínsmygls:

# Feðgar í haldi vegna kókaínsmygls

**LÖGREGLUMÁL** Feðgar, 51 og 23 ára, eru meðal þeirra átta sem sitja í gæsluvarðhaldi grunaðir um að tengjast smygli á rúmum þremur kílóum af mjög sterku kókaíni til Íslands fyrr í mánuðinum.

Faðirinn, Guðmundur R. Guðlaugsson, var handtekinn laugardaginn 10. apríl, þegar fyrri hluti kókaínsins kom til landsins. Sonurinn, Guðlaugur Agnar Guðmundsson, var handtekinn á fimmtudaginn í síðustu viku þegar hann kom til landsins að utan. Faðirinn hefur ekki hlotið refsidóma en sonurinn hefur áður verið dæmdur fyrir þjófnaði, gripdeild, frelsissviptingu, og líkamsárás. Fimm aðrir sitja í haldi vegna málsins, þeirra á meðal Davíð Garðarsson, margdæmdur brotamaður og fyrrverandi flóttamaður.

Höfuðpaurarnir í málinu ganga þó enn lausir og hefur þeirra verið leitað á Spáni frá því að málið kom upp. Annar þeirra er Sverrir Þór Gunnarsson, einn höfuðpauranna úr stóra fíkniefnamálinu svokallaða sem upp kom um aldamót.

Hann er grunaður um að standa að baki mörgum stórum fíkniefnamálum sem upp hafa komið hérlendis og erlendis síðustu ár. Hinn er ríflega þrítugur Íslendingur sem hlotið hefur dóma fyrir fíkniefnasmygl.

Lögregla telur ljóst að ungt par sem handtekið var á Spáni í desember síðastliðnum með mikið magn af kókaíni og situr nú þar í fangelsi hafi verið að ganga erinda þessara sömu manna. **- sh, jss**



**KÓKAÍN** Aðeins einu sinni hefur stærra kókaínmál komið upp á Íslandi.

# Fjölsóttasti vefur landsins



Samkvæmt mælingum Modernus er mila.is fjölsóttasta heimasíða landsins. Nú hafa um 4 milljónir um víða veröld heimsótt vefinn og skoðað útsendingar úr vefmyndavélunum sem vaktað hafa eldsumbrotin á Eyjafjallasvæðinu undanfarnar vikur.

míla
*Lífæð samskipta*

*Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.*

*www.mila.is*

ENNEMM / SÍA / NM41855

## GENGIÐ 20.04.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,14 | 126,74 |
| Sterlingspund | 194,47 | 195,41 |
| Evra | 170,27 | 171,23 |
| Dönsk króna | 22,876 | 23,01 |
| Norsk króna | 21,409 | 21,535 |
| Sænsk króna | 17,665 | 17,769 |
| Japanskt jen | 1,3568 | 1,3648 |
| SDR | 191,99 | 193,13 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

226,4244

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ragnhildur Geirsdóttir íhugaði að hætta sem forstjóri FL Group þegar stjórn félagsins sagði af sér:

# Reyndi án árangurs að rekja millifærslu FL-Group

**VIÐSKIPTI** „Ég eyddi stórum hluta af frítíma mínum í leit að peningunum og fékk upplýsingar um að þeir hefðu farið til Fons. Ég fékk aldrei óyggjandi sannanir fyrir því,“ segir Ragnhildur Geirsdóttir, fyrrverandi forstjóri FL Group, um þriggja milljarða króna millifærslu af reikningum félagsins inn á reikning Kaupþings í Lúxemborg í apríl árið 2005. Orðrómur var á kreiki í fjölmiðlum að Fons hafi nýtt féð til kaupa á danska flugfélaginu Sterling.

Tveimur mánuðum síðar sagði stjórn FL Group af sér og íhugaði Ragnhildur að gera það sömuleiðis.

„Ég ákvað að gefa þessu séns,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið. Hún hætti störfum í október sama ár eftir 4 mánuði í forstjórastólnum.

Í yfirlýsingu sem Ragnhildur sendi frá sér í gær kemur fram að engar skýringar, lánaskjöl eða önnur gögn hafi verið til um millifærsluna, sem var gerð án vitneskju annarra stjórnarmanna. Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group, hafi gefið þá skýringu að féð í Lúxemborg ætti að nota til skyndiákvarðana í fjárfestingum. Það var fært aftur inn á reikning FL Group í júní. **- jab**



**RAGNHILDUR OG HANNES** Forstjóri FL Group íhugaði að hætta störfum hjá félaginu þegar stjórn félagsins fékk nóg og kvaddi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

### Starfslokin

Ragnhildur segir kaup FL Group á danska flugfélaginu Sterling ástæðuna fyrir því að hún hafi ákveðið að segja upp. Orðrétt segir í yfirlýsingu hennar: „Mér þótti því ekki skynsamlegt fyrir FL Group að kaupa Sterling, allra síst þegar horft var til þess að kominn var verðmiði á félagið upp á tæpa 15 milljarða króna, sem var að mínu mati óskiljanleg verðhækkun á þeim fáu mánuðum sem Sterling var í eigu Fons.“

# Ummæli Ólafs Ragnars vekja hörð viðbrögð

**Fullyrðingar forseta Íslands um að gosið í Eyjafjallajökli sé aðeins æfing fyrir Kötlugos vekja hörð viðbrögð í ferðaþjónustunni og hjá stjórnvöldum. Þjónar ekki hagsmunum okkar að þagga niður vitneskju um hættur svarar forsetinn.**

**STJÓRNSÝSLA** Mikil óánægja er í ferðaþjónustunni með orð Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, í sjónvarpsviðtali á BBC í fyrrakvöld um að gosið í Eyjafjallajökli sé aðeins „æfing“ fyrir Kötlugos.

„Það er kominn viðbragðshópur ferðaþjónustunnar og stjórnvalda þar sem allir leggjast á eitt um að koma réttum upplýsingum á framfæri við umheiminn. Vísindamenn hafa látið frá sér fréttatilkynningar í dag um að það sé ekkert sem bendi til þess að Katla sé að fara að gjósa,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

„Það er eins og það sé von á Kötlugosi og það er búið að rigna yfir okkur skilaboðum ferðaþjónustufyrirtækja um allt land sem eru óánægð og víða rignir inn afbókunum,“ segir Erna.

Í viðtalinu á BBC sagði Ólafur Ragnar að tíminn fyrir Kötlugos væri að nálgast.

Það gos verði mun stærra en gosið í Eyjafjallajökli. „Við höfum undirbúið björgunarþjónustu og neyðaráætlanir í okkar landi en ég held að það sé tími til kominn fyrir stjórnvöld í Evrópu og flugmálayfirvöld alls staðar í heiminum að hefja undirbúning vegna Kötlugoss,“ sagði forsetinn meðal annars.

„Það ríkir ákveðið ástand þar sem menn eru með samhæfð viðbrögð sem almannavarnir stýra. Upplýsingar um það sem koma skal og stöðuna núna eiga að koma þaðan og frá sérfræðingum í jarðvísindum. Það eru þeir sem við eigum að treysta á við þessar aðstæður en ekki að við stjórnmálamenn séum að geta okkur til,“ segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra, spurð um ummæli forsetans.

Að frumkvæði iðnaðarráðherra var síðastliðinn föstudag komið á fót samráðshópi iðnaðarráðuneytis, utanríkisráðuneytis og ýmissa stofnana og samtaka tengdum ferðaþjónustu. Í vinnuskjali hópsins með sameiginlegum skilaboðum vegna ástandsins er sérstaklega minnst á Kötlu. „Það er engin vísbending um eldgos í Kötlu þar sem mælingar sýna enga hreyfingu vestan og austan Mýrdalsjökuls,“ er ítrekað í minnisblaðinu.

„Það er mikilvægt að öll umræða um þetta, bæði inn á við og út á við, sé yfirveguð og það sé ekki dregin upp nein dekkri mynd af hlutum en efni standa til,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

„Ég hélt að við Íslendingar hefðum lært þá lexíu að það þjónar ekki hagsmunum okkar sem þjóðar að reyna að fela eða þagga niður vitneskju um hugsanlegar hættur,“ sagði Ólafur Ragnar á Bylgjunni í gær. **gar@frettabladid.is**



**FORSMEKKURINN Í EYJAFJALLAJÖKLI** Forseti Íslands sagði á BBC í fyrrakvöld að kominn væri tími á Kötlugos og að það verði miklu meira en gosið í Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**



**ERNA HAUKSDÓTTIR**



**LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI** Maðurinn liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild. Honum er haldið sofandi í öndunarvél. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Grunuðum sleppt úr haldi:

# Drakk líklega stíflueyðinn fyrir slysni

**LÖGREGLUMÁL** Maður um fertugt, sem drakk stíflueyði í samkvæmi í Hlíðunum um helgina, liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild. Lögregla segir nú allt benda til þess að hann hafi drukkið efnið fyrir slysni og hefur sleppt úr haldi manni sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald vegna málsins.

„Rannsókn er enn í gangi en það ekkert sem bendir til að maðurinn hafi verið þvingaður eða neyddur til að drekka þennan vökva, heldur eru frekar líkindi til þess að þarna hafi verið um slys að ræða,“ segir Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn. Hann hafi drukkið vökvann í ógáti úr glasi, og talið að um annan vökva væri að ræða. **- sh**

**MENNTAMÁL**

### Nýr skólastjóri FG

Kristinn Þorsteinsson hefur verið skipaður skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ til fimm ára frá 1. ágúst næstkomandi. Tíu umsóknir bárust um embætti skólameistara og skipaði Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra Kristin, sem er aðstoðarskólameistari FG, að fenginni umsögn skólanefndar.

Ný könnun UNICEF:

# Íslensk börn þekkja ekki réttindi sín

**KÖNNUN** Einungis 40 prósent íslenskra unglinga þekkja réttindi sín, að því er fram kemur í nýrri könnun Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF).

„Þetta sýnir kannski að íslenskt samfélag hefur ekki verið mjög upptekið af réttindum barna eða mannréttindum yfirleitt,“ segir Bergsteinn Jónsson, verkefnastjóri skóla- og ungmennastarfs UNICEF. Í könnuninni kemur einnig fram að tæp 17 prósent íslenskra barna telja líkamlegar refsingar ásættanlegar í uppeldi barna. Hlutfallið er lægra í Svíþjóð, Noregi og Danmörku en töluvert hærra í Finnlandi.

Könnunin var gerð á meðal 12 til 16 ára barna á Norðurlöndum. Niðurstöður hennar verða kynntar í dag á skrifstofu UNICEF. **- sbt**

Beðið með varaformannskjör:

# Landsfundur verður í júnílok

**STJÓRNMÁL Landsfundur Sjálfstæðisflokksins verður haldinn í lok júní, samkvæmt ákvörðun miðstjórnar flokksins frá í gær.**

**Þá verður kosinn varaformaður í stað Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem sagði af sér á laugardaginn. Einnig verður kosið um formann, en enginn hefur þó boðið sig fram á móti Bjarna Benediktssyni.** **- kóþ**

**MENNING**

### Handritavefur í loftið

Vefurinn handrit.org verður opnaður á ársfundi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í dag. Á vefnum verður hægt að nálgast handritasöfn.


FYRIR VANDLÁTA




Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Grillbúðin www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á SUMARTILBOÐI


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**FÍNT VEÐUR Á MORGUN** Sumardagurinn fyrsti verður svalur og það lítur út fyrir að vetur og sumar frjósi saman víða á landinu en það þykir boða gott sumar. Á morgun verður hæg norðaustlæg eða breytileg átt og nokkuð bjart, síst þó sunnanlands þar sem verður dálítil slydda.



Á MORGUN 3-8 m/s.

FÖSTUDAGUR Fremur stíf SA-átt allra syðst annars hægari.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 11° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 22° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 7° |
| París | 15° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is



# MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
KÓPAVOGUR GRAMMAR SCHOOL

## Framhaldsskóli í fararbroddi

Samstarfsaðilar Menntaskólans í Kópavogi óska nemendum og starfsfólki skólans til hamingju með ISO 9001 gæðavottun.

Menntaskólinn í Kópavogi er í fararbroddi með að setja starfsemi sína í vottað gæðaferli. Skólinn hlaut Gámes vottun fyrir matvælanám árið 2002 og hlýtur nú ISO 9001 gæðavottun fyrir starfsemi sína.

ESJA KJÖTVINNSLA
IÐAN fræðslusetur
HÓPBÍLAR
NÝHERJI BETRI LAUSNIR
Rekstrarvörur - vinna með þér
PENNINN TÆKNI
PENNINN
Skyggnir

Menntaskólinn í Kópavogi við Digranesveg • sími 594 4000 • fax 594 4001 • netfang mk@mk.is • vefsíða www.mk.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

## GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI

Líklegast að mesta gosið í Eyjafjallajökli sé búið í bili:

# Heimsendir þarf ekki að fylgja Kötlu

Útlit var fyrir að heldur hefði dregið úr virkni í Eyjafjallajökli í gærkvöldi. Öskufall var ekki mikið úr gosmekkinum þegar vél Landhelgisgæslunnar flaug þar yfir. Blaðið náði tali af Magnúsi Tuma Guðmundssyni, jarðeðlisfræðingi við Háskóla Íslands, þegar vélin var nýlent:

„Við gátum í fyrsta skipti komið að gígunum úr suðri og sáum að virknin er einungis í nyrðri gígnum en sá syðri er óvirkur. Við sáum ekki að vatn væri að safnast saman eða skýr merki um að hraun sé að renna,“ segir hann.

Sjáanleg virkni var blönduð, annars vegar sprengivirkni sem býr til ösku en hins vegar slettust hraunkleprar úr gígnum.

„En gígarnir eru veikari en þeir voru og líklegast að mesta gosið sé búið en auðvitað getur þetta haldið áfram lengi eða rifið sig upp skyndilega,“ segir Magnús.

Spurður um viðvaranir forseta Íslands um yfirvofandi Kötlugos, segist hann ekki hafa séð þær og geti ekki metið þau orð.

„En stóri munurinn á þessu gosi og Kötlugosi liggur helst í hlaupinu. Það kæmi vissulega meira hlaup og vegirnir myndu skemmast miklu meira en það er ekkert víst að öskufallið valdi meiri skemmdum.



**Í VÉL LANDHELGISGÆSLU** Magnús Tumi Guðmundsson fylgdist með eldsumbrotum í Eyjafjallajökli í gær. MYND/LANDHELGISGÆSLAN.

Það getur auðvitað orðið meira öskufall í Kötlugosi, en askan úr yfirstandandi gosi er mjög fín og getur borist mjög víða. Hún er fínni en sú sem kemur yfirleitt úr Kötlugosum. Að auki er algengast að gjóska berist til norðurs og norðausturs. Ég á því ekki von á að Kötlugos valdi meiri vandræðum fyrir flugumferð en þetta gos,“ segir Magnús.

Að endingu minnir hann á að ekki séu öll Kötlugos stór gos. „Það eru enginn heimsendir og fjölmiðlaumfjöllun, um hversu hræðileg þau eru, er komin dálítið fram úr sér,“ segir hann. - kóþ

## Spá um öskufall

**Miðvikudagur:**
Norðvestlæg átt að morgni og léttir til, en norðaustan átt síðdegis og dálítil él. Búast má helst við öskufalli undir Eyjafjöllum, suður og suðaustur af eldstöðinni, en einnig suðvestur af eldstöðinni um kvöldið, jafnvel að Vestmannaeyjum. Óverulegar líkur á öskufalli suðvestanlands.

**Fimmtudagur og föstudagur:**
Austan- og suðaustan átt og rigning eða slydda með köflum. Gosmökkur beinist til vesturs en gosaska berst líklega ekki langt frá eldstöðinni. Bætir í vind seint á föstudag. Mögulega lítils háttar öskufall suðvestanlands.

**Laugardagur:**
Allhvöss eða hvöss austanátt, rigning með köflum og aska berst til vesturs eða suðvesturs. Ef til vill öskumistur eða öskufjúk suðvestanlands. **Heimild: Veðurstofa Íslands**

ÍSLENZKRA SÍMAMANNA FÉLAG F·Í·S

AÐALFUNDUR FÍS

Aðalfundur Félags íslenskra símamanna 2010
verður haldinn að Stórhöfða 31 1.hæð
(gengið inn Grafarvogsmeginn)
**miðvikudaginn 28.apríl kl. 18.10**

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

*Stjórn Félags ísl. símamanna*




**UNDIR EYJAFJÖLLUM** Túnin á Seljavöllum hafa orðið hvað verst úti í öskufallinu úr Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ólíklegt að gróður vaxi undir öskuhellu

**Ómögulegt er að meta tjón bænda vegna öskufalls enda gos enn í gangi, segir framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs. Varla hægt að ímynda sér að nýgræðingur geti vaxið þar sem lagið er þykkast, segir sérfræðingur Bændasamtakanna.**

„Það er vandséð að gróður komi upp þar sem askan er þykkust og er orðin að hellu,“ segir Gunnar Guðmundsson, sviðsstjóri hjá ráðgjafarsviði Bændasamtakanna, sem segir hættu á að gróður kafni vegna súrefnisleysis á þessum slóðum.

Gunnar segir hins vegar ómögulegt að fullyrða um umfang tjóns því enn gjósi. „Staðan er einfaldlega þannig núna að það er erfitt að átta sig á hvað verður.“

Undir það tekur Árni Sæbjörnsson, framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs. „Það getur enginn mannlegur máttur metið tjónið,“ segir Árni sem var mjög þakklátur fyrir viljayfirlýsingu ríkisstjórnar um að sett verði aukið fjármagn í sjóðinn. Það sé nauðsynlegt eigi Bjargráðasjóður að geta greitt bændum bætur.

Bjargráðasjóður kemur til móts við bændur sem verða fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara og hefur til að mynda bætt bændum kal í túnum. Auk Bjargráðasjóðs bætir Viðlagatrygging Íslands tjón af völdum eldgosa. Þær bætur ná til húsakosts sem skylda er að tryggja. Innanstokksmunir eru einnig bættir af Viðlagatryggingu Íslands ef húseigandi hefur keypt innbústryggingu sem er ekki skylda að gera bendir Elías Blöndal, lögfræðingur Bændasamtakanna, á. „Svo er annað mál hvernig matið á tjóninu er útfært,“ segir hann. Til að fá sem greinarbesta mynd af tjóninu hafa bændum verið gefin þau tilmæli að skrásetja allt tjón hjá sér eins nákvæmlega og hægt er og taka myndir.

Árni segir upplýsingar bændanna mikilvægar og þeir geti fengið aðstoð við skrásetninguna. Árni segir ekki hægt að nefna dæmi um upphæðir sem bændum verði greiddar, land undir ösku sé misverðmætt. Komið verði á móts við bændur en erfitt sé að svara hvort tjónið verði bætt að fullu. „Þetta er alltaf mat. Hvernig metum við tilfinningatjón, ónæði og röskun?“ segir Árni.

Þar sem öskulag er þynnra er mögulegt að það fjúki burt eða rigni niður. Gunnar hjá Bændasamtökunum segir mögulegt að hægt verði að plægja öskunni niður í jarðveginn. sigridur@frettabladid.is

## Aukið fjármagn í Bjargráðasjóð

Ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir því að Bjargráðasjóði verði tryggt nægilegt fjármagn til að standa undir tjóni bænda vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem send var út að loknum ríkisstjórnarfundi í gærmorgun. Á fundinum voru málefni tengd gosinu rædd ítarlega. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að upplýsingum sé skipulega komið til íbúa svæðisins, þeim veitt sálgæsla og annar stuðningur. „Ríkisstjórnin gerir sér vel grein fyrir þeirri óvissu og óöryggi sem ríkir vegna ástandsins sem gosið hefur valdið, ekki síst hjá íbúum svæðisins og vill gera allt sem í hennar valdi stendur til að sýna þeim samstöðu og stuðning,“ segir í tilkynningunni.

Efnahagsleg áhrif af eldgosinu í Eyjafjallajökli teygja anga sína um heim allan:

# Fleiri tapa en flugfélögin

**GENF, AP** Öskuskýin frá Íslandi hafa ekki aðeins komið illa niður á rekstri flugfélaga, heldur eru áhrifin af flugstöðvuninni farin að bitna á efnahagslífi víða um heim með margvíslegum hætti.

Fyrir utan illa stadda blómaframleiðendur í Keníu, sem komist hafa í fréttir, má nefna að ananasframleiðendur í Gana sitja uppi með birgðir sem skemmast hratt og virðast ekki ætla að komast á áfangastað í bráðina.

Áhrifin eru víðtæk, því með hverjum deginum sem líður verða allir þeir sem flytja ferskvöru til Evrópuríkja eða frá þeim af umtalsverðum viðskiptum.

Útlitið er þó tvímælalaust verst fyrir flugfélögin. Samanlagt tap þeirra er talið nema nærri 25 milljörðum króna á dag. Siim Kallas, samgöngustjóri Evrópusambandsins, segir að áfallið fyrir flugrekendur sé nú þegar orðið verra en af árásum Al Kaída á Bandaríkin haustið 2001.

Jafnvel hefur vaknað uggur um að efnahagslíf margra ríkja muni vart þola þetta högg beint ofan í heimskreppuna, sem þau eru vart farin að ná sér af enn.



**FLUGFERÐIR FELLDAR NIÐUR** Flugfélagið í Dúbaí segist hafa tapað nærri átta milljörðum króna eftir að hafa fellt niður 250 flugferðir til og frá Evrópu. NORDICPHOTOS/AFP

Sumir græða þó aldeilis á þessum hamförum, svo sem ferjurekendur í Skandinavíu, hóteleigendur sem rukka nærri hundrað þúsund krónur fyrir næturgistingu, eða leigubílstjórar sem næla sér í farþega sem greiða meira en hálfa milljón fyrir að láta keyra sig á milli landa. - gb

# TILBOÐ Á GRILLUM & HJÓLUM

**ÖLL HJÓL FÁST Á VAXTALAUSU LÁNI Í 4 MÁNUÐI!**



SPARIÐ 3000.-

**Grand**

**GRAND FERÐAGASGRILL ER8108**
- 2,5KW BRENNARI
- ELDUNARSVÆÐI: 44,5 X 31CM
- SAMFELLANLEGIR FÆTUR
- ELEKTRÓNÍSK KVEIKJA
- ÞRÝSTIJAFNARI OG SLANGA

**9.999.-**
v.á. 12.999.-



SPARIÐ 2000.-

**Grand**

**GRAND FERÐAGASGRILL ER8109**
- 2,5KW BRENNARI
- ELDUNARSVÆÐI: 41,6 X 31,5CM
- EFRI GRIND: 38,5 X 19,5CM
- SAMFELLANLEGIR FÆTUR
- SMELLA TIL AÐ LÆSA LOKI
- ELETRÓNÍSK KVEIKJA
- ÞRÝSTIJAFNARI OG SLANGA

**14.999.-**
v.á. 16.999.-



**12" Pro Thunder & So Sweet**

**14.999kr**
v.á. 19.999.-

SPARIÐ 5000.



SPARIÐ 5000.-

**Grand**

**GRAND ER8102H-2**
- 4,3KW, TVEGGJA BRENNARA
- ELDUNARSVÆÐI: 45 X 35CM
- EFRI GRIND: 40 X 20,5CM
- HJÓL TIL AÐ AUÐVELDA TILFÆRSLU
- HLIÐARBORÐ
- ELEKTRÓNÍSK KVEIKJA
- ÞRÝSTIJAFNARI

**24.999.-**
v.á. 29.999.-

**RALEIGH**

**Spectro**
- STÆRÐ: 20"
- GÍRAR: 6 GÍRAR, SHIMANO TZ50/RS35-6
- BREMSUR: PROMAX TX115C/BL-81AP
- GAFALL: HL CH-327E MEÐ DEMPARA
- ÁLSTELL, GLITAUGA AÐ FRAMAN, AFTAN OG Í PEDÖLUM, STANDARI

**34.999kr**





SPARIÐ 10.000.-

**Grand**

**GRAND ER7802A**
- 5,5KW, TVEGGJA BRENNARA
- ELDUNARSVÆÐI: 47,3 X 37,3CM
- EFRI GRIND: 48,5 X 10,4CM
- HLIÐARBORÐ
- ELEKTRÓNÍSK KVEIKJA
- INNBYGGÐUR HITAMÆLIR
- ÁHALDABAKKI FRAMAN Á GRILLI
- HJÓL TIL AÐ AUÐVELDA TILFÆRSLU
- ÞRÝSTIJAFNARI

**39.999.-**
v.á. 49.999.-

**ULTRA**

**Regata Lady / Regata Gentleman**
- STÆRÐ: 28" MEÐ DEMPARA
- GÍRAR: 18 GÍRAR, SHIMANO TY18 GRIPSHIFT
- BREMSUR: PROMAX TX115C
- BRETTI AÐ AFTAN OG FRAMAN, BÖGGLABERI, RAFDRIFNAR LUKTIR AÐ AFTAN OG FRAMAN, GLITAUGU Í PEDÖLUM, STANDARI

**39.999kr**





SPARIÐ 10.000.-

**grandhall** living style

**Grandhall Classic 219**
- 14KWH, 4 BRENNARAR ÚR 304 RYÐFRÍU STÁLI
- 4,5KWH HLIÐARHELLA
- POSTULÍNSHÚÐAÐAR STÁLGRINDUR TIL ELDUNAR
- POSTULÍNSHÚÐAÐIR ELDTEMJARAR
- ELEKTRÓNÍSKT KVEIKJUKERFI
- YTRA BYRÐI ÚR 430 RYÐFRÍU STÁLI
- INNBYGGÐUR HITAMÆLIR

**59.999.-**
v.á. 69.999.-

**OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 25. apríl á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár




**HEATHROW** Sex daga flugbanni lauk í gær.

Flugsamgöngur að lagast:

## Flugvellir opnaðir á Bretlandi

**SAMGÖNGUR** Flugsamgöngur eru óðum að komast í rétt horf. Íslensku flugfélögin fóru nokkrar ferðir í gær og í nótt til og frá Bretlandi, en í gær lauk sex daga flugbanni þar.

Í Finnlandi var öll flugumferð bönnuð og farþegaflug var bannað í Danmörku, Eistlandi, Írlandi, Lettlandi og víðast í Svíþjóð, samkvæmt tilmælum frá evrópskum flugmálayfirvöldum.

Engar hömlur voru á flugi í Austurríki, á Balkanskaga, Belgíu, Búlgaríu, Tékklandi, Ungverjalandi, Ítalíu, Suður-Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Noregi, Póllandi, Portúgal, Spáni, Rúmeníu, Norður-Svíþjóð, Sviss, Tyrklandi né í Úkraínu.

Búist var við því að um 13.000 flugferðir yrðu farnar í gær á meginlandi Evrópu, en undir venjulegum kringumstæðum hefðu þau átt að vera 28.000 talsins. - kóþ

Eyjamenn fylgjast vel með:

## Fólk hefur ríka samúð með ábúendum

Íbúar í Vestmannaeyjum fylgjast afar vel með gosinu í Eyjafjallajökli segir Páll Zophoníasson. „Menn fylgjast vel með veðrinu og veðurspám og eru ánægðir með hvern dag þar sem askan nær ekki til okkar,“ segir Páll Zophoníasson.



**PÁLL ZÓPHÓNÍASSON**

„Fólk hér hefur ríka samúð með ábúendum undir Eyjafjöllum sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín og sjá fram á mikið tjón. Menn eru farnir að ræða að þegar þessu lýkur eigi Vestmannaeyingar að taka sig saman og gera eitthvað fyrir þá.“

# Hef alltaf verið hrædd við Kötlu

**Að Giljum í Mýrdal búa hjónin Ólafur Pétursson og Þórunn Björnsdóttir. Bæði muna þau glöggt eftir Kötlugosinu 1918.**

„Ég hef stundum sagt að ég ætlaði ekki að heyra í fleiri eldfjöllum en Kötlu sem gaus þegar ég var sjö ára en þá þurfti þetta að dynja yfir núna,“ segir Þórunn og á við gosið úr Eyjafjallajökli. Þórunn ólst upp í Svínadal í Skaftártungu og sá og heyrði vel til Kötlugossins 1918. „Það voru drunur og ljósagangur margar nætur, eins og þrumur og eldingar. Maður gat ekki sofið fyrir þessu,“ rifjar hún upp. „Ég var hrædd og vakti með mömmu. Ég hef alltaf verið hrædd við Kötlu síðan. Sumt fólk segist hlakka til að sjá hana gjósa. Ég er ekki þar á meðal. Ég vil ekkert af henni vita meira.“

### Fór sjö ára að loka fjárhúsinu

Þórunn minnist þess að aldimmt hafi orðið af ösku í Kötlugosinu en um leið og rofað hafi til hafi hún verið send, ásamt bróður sínum sex ára, nokkuð langa leið til að loka fjárhúsinu. „Við vorum svo hrædd um að það dimmdi aftur að við hlupum eins hratt og við gátum,“ segir hún. Eftir gosið segir hún fénu hafa fækkað verulega í Svínadal af völdum öskunnar. Vorið eftir hafi verið stórir skaflar af henni í öllum giljum. „Já, búskapur fór illa hjá mörgum, einkum í Skaftártungu. Það féll fé,“ tekur Ólafur undir. „Menn vissu heldur ekkert um þennan flúor,“ segir hann. Rifjar upp að undanfari þessa Kötlugoss hafi verið frostaveturinn mikli, 1918, því hafi spretta verið ákaflega léleg þetta sumar og bændur þurft að beita um veturinn. „Sumarið eftir gosið var heyfengur rýr en það var kjarngott fóður sem kom árið þar á eftir,“ segir hann.

### Vatnsmagnið var gífurlegt

Þótt Ólafur sé orðinn hundrað ára er hann enn stálminnugur eins og frúin. Ekkert kveðst hann samt muna jafn vel og það sem gerðist 12. október 1918. „Ég man það eins og það hefði gerst í gær. Það greyptist svo fast í mig,“ segir hann. „Það var blíðskaparveður og heiðríkja og sjór var ládauður. Það var verið að skipa út saltkjötstunnum í flutningaskipið Skaftfelling og þrjá eða fjóra mótorbáta úr Eyjum. Svo byrjaði Katla að gjósa seinni partinn. Ég átti heima undir bökkunum vestur með Víkinni en var forvitinn og stökk upp á bakkana. Þaðan sá ég hvítan mökkinn sem steig gríðarlega hátt, beint í loft upp, í norðaustri.“

Vatnsmagnið á Mýrdalssandi varð gífurlegt að sögn Ólafs og jakarnir voru um allan sand eins og ísborgir.

„Það kom stór alda upp að ströndinni en gerði engan skaða því búið var að ferma skipin og þau voru að fara. Sem betur fór var heldur enginn maður á ferð um sandinn. Þó var sláturtíð í Vík og fé úr allri sýslunni rekið þangað en það vantaði salt og því var slátrun frestað. Þess vegna var enginn rekstur á sandinum. Tveir vinnumenn úr Ásum voru nýkomnir yfir sandinn þegar hlaupið kom. Þeir voru á leið í kaupstað. Húsbóndi þeirra, Sveinn Sveinsson, lagði ríkt á við þá að stoppa ekki með kerruhestana í Hafursey og þeir hlýddu því. Það varð þeim til bjargar. Þegar þeir voru nýkomnir upp úr Múlakvíslarfarveginum mættu þeir bóndanum í Höfðabrekku. „Mikið gengur á,“ sagði hann við þá en þeir höfðu ekki heyrt drunurnar í jöklinum fyrir skröltinu í vagnhjólunum.“

### Óttast ekki um Vík

Þótt Ólafur fylgdist með þessum hamförum sem barn segist hann ekki hafa verið skelfdur. „Ég hafði bara gaman af. Við krakkarnir lékum okkur stundum að því síðar að stífla lítinn læk í þorpinu og þykjast láta koma þar Kötluhlaup,“ segir hann kankvís. Hann telur alla hafa sofið í sínum húsum í Vík enda hafi þeir ekkert getað flúið.

Ekki telja þau hjón að Vík sé í hættu þótt Katla gjósi. „Ekki nokkur hætta,“ segir Ólafur. „Nú er sjávarkamburinn líka orðinn svo hár, mun hærri en hann var. Þessar viðvörunaraðgerðir hjá þeim í Víkinni hafa enga þýðingu en þeim er ekki ofgott að gera þær.“

gun@frettabladid.is



**MEÐ BARNABARNIÐ** Ólafur Pétursson, 100 ára, og Þórunn Björnsdóttir, 98 ára, með sonardótturina, Kristínu Ólafsdóttur, sjö ára, á milli sín. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 12. október 1918

**Úr skýrslu frá Vík í Mýrdal:**
Um kl. 1 e.h. verður snarpur jarðskjálftakippur; hriktir í húsum og glamra saman lausir smámunir, er þétt standa á hillum og borðum. Eru síðan sífelldir smákippir og titringur í 1/2 kl.st.

Um kl. 3 e.h. sést héðan einkennilegt þykkni í hánorðri, sem nær til norðausturs og ber hátt á loft yfir Höttu og Hrafnatinda; ...

**Vík 7. janúar 1919. Guðgeir Jóhannesson.**

**Frásögn úr Skaftártungu**
Laugardaginn 12. okt. Kl. 3 e.h. eða litlu fyr heyrðist skyndilega hvinur mikill í vestri, og þótti mönnum illt á vita, enda hófust þegar á eftir þrumur og eldingar. Eigi varði lengi áður en ógurlegt vatnshlaup kom fram úr Hólmsá. ... Þrumur og eldingar færðust svo mjög í aukana, er kvölda tók, að áður höfðu menn ekki þekkt slíks dæmi. ... Dunur voru svo miklar sem björg væru að klofna, og hús nötruðu af lofþrýstingi. Eldingar voru svo bjartar og þéttar, að stundum var sem bál sæi, er litið var út um glugga. ... Mánudaginn 4. nóv. sást vel til jökulsins og var þá ekkert gos, og eigi hefir þess orðið vart síðan.

**Hemru 2. jan. 1919. Valdimar Jónsson.**


BETRI FUNDIR

Þegar halda þarf símafundi er lykilatriði að hljómgæðin séu í lagi. Polycom er leiðandi í framleiðslu fundarsíma og býður fjölbreytt úrval fyrir allar stærðir fundarherbergja. Hafðu samband við sérfræðinga Nýherja og við finnum rétta fundarsímann fyrir þig.






VoiceStation 300
Fundarsími fyrir minni herbergi, hentar vel fyrir 1-4 þátttakendur.



Soundstation 2
Fundarsími fyrir stærri herbergi, hentar vel fyrir 1-20 þátttakendur.



Soundstation IP7000
IP fundarsími með HD stereo hljómgæðum fyrir stærri herbergi, hentar vel fyrir 1-20 þátttakendur.



C100S
Fundarsími fyrir tölvusíma, hentar vel fyrir 1-3 þátttakendur.

POLYCOM Advanced Teleconferencing Solutions

NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartún 37 Sími 569 7700 www.netverslun.is BETRI LAUSNIR

Flottar vörur
á ótrúlegu
verði

# Bláa
# bomban

## VERÐSPRENGJA!

# 20%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af allri útsöluvöru*

*Gildir ekki af vörum Oasis.

Gildir til sunnudags

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

HB GRANDI

Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 23. apríl 2010 í matsal fyrirtækisins að Norðurgarði, Reykjavík, og hefst hann kl. 17:00.

Dagskrá.

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykkta félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis. Einnig er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu félagsins *www.hbgrandi.is*.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn HB Granda hf.

FABRIKAN

Þriðjungur þátttakenda í könnun MMR ber mikið traust til Fréttablaðsins:

# Aukið traust á flestum miðlum

**FJÖLMIÐLAR** Nokkuð fleiri bera mikið traust til Fréttablaðsins nú en í október í fyrra. Á sama tíma hefur þeim fækkað sem treysta ekki blaðinu. Þetta er meðal niðurstaðna nýjustu könnunar markaðsrannsóknafyrirtækisins MMR á trausti fólks til fjölmiðla.

Í niðurstöðunum, sem birtar voru í gær, kemur fram að Fréttablaðið nýtur trausts 34,8 prósent þátttakenda í könnuninni. Í könnun MMR, sem unnin var fyrir 365 miðla í október í fyrra, báru 31,4 prósent þátttakenda mikið traust til blaðsins. Þá vantreysta mun



**DAGBLÖÐIN** Traust á flestum fjölmiðlum eykst á milli ára, samkvæmt könnun MMR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

færri fréttaflutningi Fréttablaðsins nú en í október, eða 21,7 prósent þátttakenda. Í könnuninni í fyrra báru 27,7 prósent lítið traust til blaðsins. Í sambærilegri könnun MMR í september í fyrra báru 22,4 prósent þátttakenda lítið traust til blaðsins.

Traust á Morgunblaðinu hefur sömuleiðis aukist. Í októberkönnun MMR treystu 39,8 prósent þátttakenda fréttaflutningi blaðsins samanborið við 57,9 prósent fyrripart september. Nú gera það 46,4 prósent þátttakenda. Þá bera 24,9 prósent lesenda lítið traust til fréttaflutnings Morgunblaðsins samanborið við 35 prósent í október. Í september í fyrra báru 13,2 þátttakenda lítið traust til blaðsins. - jab

# Greiðslur skertar um allt að 16,7 prósent

**Margir stærstu lífeyrissjóðirnir áforma verulega skerðingu á lífeyrisgreiðslum. Sumir lækkuðu greiðslur líka í fyrra. Meginástæðan er hrunið, segir fulltrúi Landssamtaka lífeyrissjóða. Lífeyrisgreiðslur ríkisins aukast umtalsvert á móti.**

**FÉLAGSMÁL** Stærstu lífeyrissjóðirnir á almennum markaði sjá fram á að þurfa að skerða greiðslur til lífeyrisþega vegna slæmrar stöðu sjóðanna. Engar skerðingar verða hjá starfsmönnum ríkisins.

Greiðslur frá Almenna lífeyrissjóðnum munu skerðast mest af þeim lífeyrissjóðum sem tilkynnt hafa um fyrirhugaðar breytingar, eða þeim sem Fréttablaðið hafði samband við í gær. Stjórn sjóðsins mun leggja til við aðalfund að lífeyrisréttindi verði skert um 16,7 prósent frá og með 1. júní, segir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins.

„Menn fara misjafnlega hratt í að laga réttindin að breyttum aðstæðum,“ segir Gunnar. Hann segir stöðu sjóðsins síst verri en annarra lífeyrissjóða, en menn fari misjafnlega hratt í að laga réttindi að minni eignum.

„Auðvitað er þetta áfall, þetta er erfið aðgerð sem leggst illa í alla,“ segir Gunnar. Hann segir þetta ekki sýna að sjóðurinn hafi fjárfest óábyrgt, þótt eftir á að hyggja hefði varasjóðurinn mátt vera stærri.

Aðrir sjóðir munu einnig skerða greiðslur. Lífeyrisréttindi skerðast líklega um tíu prósent hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, og sjö prósent hjá Gildi. Stapi áformar að frysta lífeyri í sömu krónutölu hinn 1. maí þar til vísitala neysluverðs hefur hækkað um fimm prósent. Sumir þessara sjóða skertu einnig bætur í fyrra.

Tvær ástæður eru helstar fyrir skerðingunni, segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða. Stærsta skýringin sé bankahrunið, en einnig þurfi að bregðast við hækkandi meðalaldri. Hrafn segist ekki telja að lækka þurfi greiðslur úr lífeyrissjóðunum aftur á næsta ári.

Stærsti lífeyrissjóður landsins, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, mun ekki skerða réttindi sinna félagsmanna, enda slíkt óheimilt samkvæmt lögum, samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum.

brjann@frettabladid.is

## Fá hærri greiðslur frá Tryggingastofnun



Þeir sem fá lægri greiðslur frá lífeyrissjóði sínum eiga væntanlega rétt á hærri greiðslum frá ríkinu á móti, segir Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar. Hærri greiðslur ríkisins munu þó aldrei vega upp alla skerðinguna. Lífeyrisþegar munu væntanlega sjálfir þurfa að tilkynna um breyttar tekjur til að fá hækkun frá Tryggingastofnun.

Þeir sem eingöngu fá grunnlífeyri, sem er um 30 þúsund krónur á mánuði, munu fá til baka um 25 prósent af þeirri upphæð sem þeir lækka um hjá lífeyrissjóðunum. Skerðist tekjur þeirra hjá sjóðunum um 100 krónur fái þeir 25 krónur á móti frá ríkinu.

Þeir sem eru með tekjutryggingu ofan á grunnlífeyri mega vænta þess að hækkandi greiðslur frá ríkinu bæti þeim upp um 45 prósent af því sem þeir lækka hjá lífeyrissjóðunum. Þeir sem búa einir, og eru því einnig með heimilisuppbót, fá um 58 prósent af skerðingunni hjá lífeyrissjóðunum til baka frá ríkinu. Sigríður tekur fram að hækkunin gæti orðið meiri hjá þeim sem falli undir skilgreinda lágmarksframfærslu, sem eru 153.500 krónur, eða 180 þúsund fyrir einstæðinga.




Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna

Hjá Keili er frábær aðstaða fyrir barnafólk, jafnt í leikskólanum sem sameiginlegri aðstöðu fyrir íþróttir, leiki og afmælisveislur. Sjón er sögu ríkari!

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

JÓNSSON & LE'MACKS


Ofurdagur
ORKAN
5 kr.
afsláttur af lítranum í dag*
Ódýrast!
www.bensinverd.is sýnir þér hvar lítrinn er ódýrastur
NÝ ORKUSTÖÐ
Gylfaflöt 1
NÝ ORKUSTÖÐ
Hraunbæ 102
NÝ ORKUSTÖÐ
Reykjavíkurvegi 58
NÝ ORKUSTÖÐ
Skógarhlíð 16
NÝ ORKUSTÖÐ
Suðurströnd
Skeljungur
Ath!
Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.
Nýi Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land
Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, safnar Vildarpunktum Icelandair og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.
Sæktu um nýja Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**
ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!
*Þegar greitt er með Orkulykli, Orkukorti eða Skeljungskortum. Gildir ekki með öðrum tilboðum og afsláttarkjörum.
Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

# SUMARGJAFIR



ÓTRÚLEGA GOTT VERÐ

**1.399**

BRATZ BIG
BABYZ PRINCESS

FULLT VERÐ: 3.590

# OPIÐ
## SUMARDAGINN FYRSTA
## 13-17







SIPPUBAND MEÐ
TRÉHANDFÖNGUM **690**

TEYGJUTVIST
5 METRA **639**




SÁPUKÚLUR MEGA 4 TEGUNDIR **449**




SÁPUKÚLUSVERÐ **590**



40% AFSLÁTTUR

**SAKWA** Grjónasekkir
220L. Margir litir.

**13.980**
FULLT VERÐ: 24.980



20% AFSLÁTTUR

**BOSTON** Tungusófi B 240 D:95/153 cm,
svartur eða brúnn. Fæst með hægri eða
vinstri tungu.

**159.980**
FULLT VERÐ: 199.980



15% AFSLÁTTUR

**MELBOURNE** svefnsófi
B:242 D::91/168, H:85 Dýna: 147x200 cm.
Fæst í coffee eða cappuccino áklæði.

**169.980**
FULLT VERÐ: 199.980

HÚSGAGNAHÖLLIN

# DÚNDUR SÓFATILBOÐ

TILBOÐIN GILDA FRÁ MIÐVIKUDEGI TIL SUNNUDAGS **21. - 25. apríl**

3 SÆTA 50% AFSLÁTTUR



**69.990**

**FULLT VERÐ: 139.980**

**WILLOW** 3 sæta sófi B:255 D:90 H:80 cm
fæst i beige eða svörtu áklæði.

TUNGUSÓFI 45% AFSLÁTTUR



**129.980**

**FULLT VERÐ: 239.980**

**WILLOW** tungusófi B:300 D:90/160 H:80 cm.
Brúnt áklæði.

# Lofuðu mörgu en gerðu fátt

**Íslensk stjórnvöld lofuðu í maí 2008 að minnka bankakerfið og breyta lánareglum Íbúðalánasjóðs. Norrænu seðlabankarnir voru tortryggnir.**



LOFA AÐGERÐUM Þrír ráðherrar og þrír seðlabankastjórar skrifuðu undir skjalið.

Íslenska bankakerfið var allt of stórt fyrir landið og stjórnvöld gerðu lítið sem ekkert til að breyta þeirri staðreynd. Þetta er ein af meginniðurstöðum rannsóknarnefndarinnar. Nefndin gagnrýnir sérstaklega að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins er gert ráð fyrir enn frekari útrás bankanna.

Þessi staðreynd virtist öllum ljós, nema kannski Íslendingum sjálfum, í ársbyrjun 2008. Seðlabanki Íslands kom hvarvetna að lokuðum dyrum þegar hann óskaði eftir gjaldmiðlaskiptasamningum við systurstofnanir sínar víða um heim. Í maí var svo komið að allir höfðu snúið baki við Íslendingum nema norrænu þjóðirnar. Þær settu hins vegar strangar kröfur.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri hitti norræna kollega sína í Ósló 14. maí og lagði hart að þeim að lána íslenska seðlabankanum fé svo hægt væri að styrkja gjaldeyrisvaraforðann. Í skýrslunni kemur fram að bankastjórar norrænu seðlabankanna efuðust um að ríkisstjórn Íslands tæki á aðsteðjandi vanda. Ekkert dygði minna en uppáskrift ráðherra þar um.

Að lokum var hringt í Geir H. Haarde forsætisráðherra og þrír ráðherrar undirrituðu samning um aðgerðir 15. maí. Þar var kveðið á um ábyrga stefnu í ríkisfjármálum annars vegar og hins vegar um Íbúðalánasjóð. Það dugði þó ekki til og forsætisráðherra gaf út yfirlýsingu daginn eftir.

Í henni segir að stjórnvöld muni „stuðla að auknum hagvexti og skipulagsbreytingum á íslenska hagkerfinu með það fyrir augum að treysta efnahagslegan stöðugleika“.

Þar segir einnig að til þess að bæta virkni peningamálastefnunnar muni ríkisstjórnin „þegar undirbúa og birta trúverðuga áætlun um umbætur og breytingar á skipulagi Íbúðalánasjóð“.

Skemmst er frá því að segja að ekkert gekk að minnka bankana. Hvað Íbúðalánasjóð varðar er á málaskrá Alþingis, fyrir haustið 2008, að finna frumvarp frá Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra um breytingar á lögum um húsnæðismál. Það hafði ekki verið lagt fram þegar hrunið varð.

Skýrsluhöfundar fara ekki í grafgötur með það að loforðin, eða öllu heldur skortur á efndum, hafi haft áhrif til hins verra gagnvart frændþjóðunum á Norðurlöndunum.

„Þegar lítið varð um efndir á fyrrnefndum loforðum af hálfu ríkisstjórnarinnar sumarið 2008 bætti hún gráu ofan á svart. Verður ekki annað séð en að þegar þetta aðgerðaleysi bættist við það viðhorf sem áður hafði verið uppi á vettvangi erlendra seðlabanka gagnvart Íslandi hafi íslensk stjórnvöld verið orðin mjög einangruð að þessu leyti á alþjóðavettvangi og þar með átt í fá hús að venda þegar kom að falli íslensku bankanna í október 2008.“

kolbeinn@frettabladid.is

## Treystu ekki orðum Íslendinga



Bankastjórar norrænu seðlabankanna treysta augljóslega lítt loforðum Íslendinga. Þeir vilja handfasta tryggingu fyrir því að gripið verði til viðeigandi ráðstafana. Davíð lýsti því svo, við rannsóknarnefndina, að hann hefði reynt að fullvissa þá um að það yrði gert. Hann var orðinn úrkula vonar og sagði að lokum:

„Ég fullyrði það að forsætisráðherra er búinn að lofa mér því að hann muni fylgja þessu fast eftir. Og þá kemur allt í einu: „Ég vil heyra það frá hans munni.“ Og ég segi: „Bíddu, hvenær? Af því að við erum að klára þetta í kvöld.“ Þeir hefðu svarað: „Núna.“ Hefði þá verið hringt í Geir H. Haarde forsætisráðherra og farið fram á að ráðherrar í ríkisstjórninni undirrituðu yfirlýsingu þar sem veitt væru loforð annars vegar um ábyrga stefnu í ríkisfjármálum og hins vegar um Íbúðalánasjóð.“


Sumarið er á morgun!




Fagnaðu sumri með BKI kaffi

Sumardagurinn fyrsti er á morgun!

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Sumardagurinn fyrsti** er gamall hátíðisdagur, fyrsti dagur Hörpu sem var fyrsti sumarmánuðurinn í norræna tímatalinu. Þar er sumrinu fagnað með fríi, leik, sumargjöfum og gleði. Flaggaðu, því sumardagurinn fyrsti er líka einn af löggiltum fánadögum lýðveldisins.

Lóan er nýkomin, sölnað grasið og snjóleifar víkja fyrir vorlaukum og sól. Markaðu upphaf sumarsins og endalok vetrarins með BKI kaffi.

*Gefðu þér sumargjöf, fáðu þér BKÍ kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir sumardaginn***






HERJÓLFUR – LANDEYJAHÖFN

PIPAR\TBWA • SÍA • 101000

Ágætu viðskiptavinir Herjólfs

Vegna óvissunnar um hvort hægt verði að sigla frá Landeyjahöfn 1. júlí eins og ráðgert er, verður ekki hægt að bóka nema í tvær ferðir á dag frá Landeyjahöfn fram til 15. júlí. Verði Landeyjahöfn ekki tilbúin 1. júlí verður áfram siglt frá Þorlákshöfn.

Gert er ráð fyrir að nýtt bókunarkerfi fyrir Landeyjahöfn verði opnað 3. maí.

EIMSKIP

Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.eimskip.is | www.herjolfur.is



## Garðaráðgjöf

PANTAÐU TÍMA STRAX

**Landslagsarkitekt veitir ráðgjöf í verslunum Húsasmiðjunnar.**

Hringdu í síma **525 3000** og bókaðu tíma.
Um er að ræða 30 mínútna ráðgjöf sem kostar 5.900 kr en sú upphæð fæst endurgreidd við kaup á efni. Gott er að hafa meðferðis helstu upplýsingar um lóðina, afstöðumynd sem sýnir stöðu hússins á lóðinni og ljósmyndir, ásamt teikningum í hlutföllunum 1:100.

# PALLAEFNI

## FRÁBÆRT VERÐ

## MEIRI ÞYKKT
### TRYGGIR STYRK!

Pallaefni úr gagnvarinni furu frá Húsasmiðjunni er ekki aðeins á frábæru verði heldur einnig með meiri þykkt, sem tryggir meiri styrk og lengri endingu.

## PALLAEFNI



verð frá **248 kr/m**

| | | |
|---|---|---|
| Fura fúavarin | 21x95 | **248** kr/m |
| Fura fúavarin | 28x95 | **305** kr/m |
| Fura fúavarin | 48x148 | **610** kr/m |



| | | |
|---|---|---|
| Lerki fínrásað | 28x90 | **349** kr/m |

## Steypustöplar/undirstöður

**FÆST AÐEINS Í HÚSASMIÐJUNNI**



**15% afsláttur** miðvikudag til sunnudags

## Ryðfríar skrúfur fyrir pallinn



**25% afsláttur** miðvikudag til sunnudags

Látum verkin tala!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju misskilur heimurinn forseta Íslands?

## You ain't seen nothing yet

Fleyg ummæli Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, um íslenzka viðskiptaundrið rifjuðust upp þegar hann lýsti því yfir við brezka ríkissjónvarpið, BBC, að gosið í Eyjafjallajökli væri nú bara smáæfing fyrir Kötlugos, sem ekki væri spurning hvort heldur hvenær brytist út, með hrikalegum afleiðingum fyrir Ísland og heimsbyggðina.

Ferðaþjónustan eins og hún leggur sig er nú öskureið út í forsetann. Þegar er tekið að bera á afbókunum, talsvert fram í tímann, vegna gossins í Eyjafjallajökli.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Á samráðsfundum fulltrúa ferðaþjónustunnar með stjórnvöldum hefur verið lögð sú lína gagnvart erlendum fjölmiðlum að leggja áherzlu á staðreyndir og forðast dramatík; Ísland sé opið ferðamönnum og öryggi almennings tryggt. Sérstaklega er undirstrikað að ekkert bendi til að gos sé að hefjast í Kötlu.

Ólafur Ragnar hefur viljað efla sjálfstæði forsetaembættisins. Hluti af þeirri sjálfstæðisbaráttu hans hefur fólgizt í að spyrja hvorki kóng né prest hvað ráðlegt sé að hann segi áður en hann stekkur á næsta hljóðnema, merktan alþjóðlegri fréttastofu.

Þegar miklu skipti að viðbrögð stjórnvalda út á við væru samhæfð og hófstillt, hélt forsetinn uppteknum hætti og gaf út yfirlýsingar, sem ferðaþjónustan telur að hafi átt sinn þátt í að ýta undir ótta erlendra ferðamanna við að heimsækja Ísland.

Eftir að farið var að skamma forsetann hefur hann sagt að það megi nú ekki fela óþægilegar staðreyndir. En kannski þarf hann að átta sig á því að einmitt núna, þegar milljónir manna eru áhyggjufullar og hræddar við að ferðast vegna ösku frá Eyjafjallajökli, er kolrangur tímapunktur til að hræða fólk með því að margfalt öflugra gos sé í uppsiglingu á Íslandi. BBC er öflugur fjölmiðill og margir útlendingar líklegri til að taka meira mark á forsetanum en öðrum, af því að þeir halda að hann sé valdamaður og sem slíkur líklegur til að túlka afstöðu íslenzkra stjórnvalda.

Því miður er ekki nýtt að ummæli forsetans valdi misskilningi erlendis. Í febrúar í fyrra olli það miklu uppnámi hjá þýzkum sparifjáreigendum þegar Þýzkalandsútgáfa Financial Times hafði eftir honum að fólki yrði ekki bætt það tap, sem það hefði orðið fyrir vegna innlagna á Edge-reikninga Kaupþings. Ólafur Ragnar taldi þá ummæli sín hafa verið tekin úr samhengi.

Það olli líka fjaðrafoki haustið áður þegar skýrsla norska sendiherrans á Íslandi um hádegisverðarfund forsetans með erlendum sendimönnum lak í fjölmiðla. Á fundinum hellti forsetinn sér yfir Breta og lagði til að Rússar fengju afnot af herstöðinni í Keflavík! Ólafur Ragnar taldi sendiherrann hafa misskilið sig, jafnvel þótt fram hafi komið að aðrir fundarmenn skildu hann með sama hætti.

Gæti verið að forsetinn misskildist minna ef hann hefði samráð við stjórnvöld í landinu áður en hann tjáir sig um viðkvæm mál? Og gengi aðeins hægar um yfirlýsingagleðinnar dyr?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Goðin ein geta svarað því

Ólafur Ragnar Grímsson var skorinorður í viðtali við breska ríkisútvarpið í gær. Vafðist það ekki fyrir Ólafi að lýsa fyrir Bretum afleiðingunum af því ef Katla tæki nú upp á því að gjósa. Spurður um langtímaáhrif öskufalls á tún bænda gat forsetinn hins vegar litlu svarað. „Samanlögð þekking vísindasamfélagsins gæti ekki svarað þessari spurningu." Það er ekkert annað. Lofttæmda útgáfan af sama svari hefði mögulega verið á þessa leið: „Hvernig á ég að vita það? Ég er stjórnmálafræðingur."

### Aldrei aftur meðvirkni

Annars fór allt í háaloft yfir viðtali forsetans við BBC. Hann er sakaður um að fæla ferðamenn frá landinu. Ólafur hefur verið gagnrýndur harkalega fyrir að hafa kóað með viðskiptalífinu. Hann ætlar að sjá til þess að það sama gerist ekki með ferðaþjónustuna.



### Það lifir!

Fulltrúar Alþýðubandalags Íslands og Samtaka atvinnulífsins vilja víst blása lífi í stöðugleikasáttmálann. Það er virðingarverð viðleitni. Kannski var heldur ekki annað í stöðunni; ítrekaðar yfirlýsingar um að stöðugleikasáttmálinn væri þegar dauður og grafinn hafa ekki haft mikið að segja og fáir tekið eftir því. Helst eru það yfirlýsingar þessara samtaka sem hafa gefið til kynna að sáttmálinn væri kaldur nár. Það væri kannski nær að drepa kykvendið áður en það er lífgað við?

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Það sem aldrei bregst

Náttúruhamfarir

Karl Sigurbjörnsson

biskup Íslands



Við höfum horft agndofa á hamfarir náttúruaflanna, eldganginn, vatnsflóðin og ösku og eimyrju falla yfir byggðirnar. Þetta eru ótrúlegir háskatímar og áhrifin munu vara lengi. Við höfum verið minnt á varnarleysi okkar, varnarleysi gagnvart ofurkröftum náttúrunnar, hve ótrúlega varnarlaust hið tæknivædda nútímasamfélag er þrátt fyrir allt.

Hugir okkar og fyrirbænir eru með fólkinu sem glímir við afleiðingar eldgossins og öskufallsins. Hamfarirnar ógna nú allri lífsafkomu og framtíð þessa fólks. Þetta er svo grafalvarlegt ástand að við hljótum öll að finna sárt til. En við höfum líka undrast og glaðst yfir þolgæði og þrautseigju fólksins, samhjálp og samstöðu, dugnaði og árvekni björgunarmanna og löggæslu, prestanna, og þeirra mörgu sem sinna almannavörnum og björgunaraðgerðum og auðsýna náungakærleika í verki. Það er aðdáunarvert og sýnir styrk íslensks samfélags. Guð launi það og blessi allt.

Ég hef mælst til þess að beðið verði sérstaklega fyrir þessu fólki og aðstæðum í guðsþjónustum kirkjunnar.

Í Guðs orði segir: „Því þótt fjöllin bifist og hæðirnar haggist mun kærleikur minn til þín ekki bifast … segir Drottinn, sem miskunnar þér." (Jes. 54.10) Þessu megum við treysta. Þrátt fyrir alla ógn og vá þá er annað afl, annar máttur, sem undirtökin hefur í tilverunni. Sá máttur birtist ekki síst þegar umhyggjan kemst að og ræður för, kærleikurinn, vonin og trúin.

> Hugir okkar og fyrirbænir eru með fólkinu sem glímir við afleiðingar eldgossins og öskufallsins.

Það sem umfram allt skiptir máli fyrir samfélag og menningu, og heill einstaklinga og þjóðar er í raun hvort vilji Guðs fái að ráða í heimi mannsins, hugum og hjörtum, hvort við heyrum rödd hans og hlýðum vilja hans. Við erum öll í hendi hans, almáttugri hendi hans, líf okkar og heill, hagur og ráð.

Þótt fjöllin bifist og hæðirnar haggist þá bregst hans hlífð þér ekki. Undir dýpstu djúpum neyðarinnar ber höndin hans hlý og mild og englarnir hans góðu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Radísurnar

Í DAG



Einar Már Jónsson
sagnfræðingur

Í almennum ritum um sögu Frakklands á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar greinir frá því að þá var andúð á lýðræði útbreidd í landinu, uppivöðslusamir flokkar geystust um með hávaða og látum, haldnir voru mótmælafundir sem lyktaði stundum með óeirðum. Í febrúar 1934 var jafnvel reynt að ráðast á franska þinghúsið, og lágu þá margir í valnum; mikill ótti var við valdarán. Æ síðan hafa þessir óeirðaseggir og forsprakkar þeirra fengið mjög slæma pressu, þeir eru kenndir við „fasisma“, umsvif þeirra eru tengd við það sem gerðist á þessum árum víða annars staðar í álfunni, og Frakkar hafa jafnan prísað sig sæla fyrir að ekki skuli neitt verra hafa hlotist af, þeir hafi sloppið við einræði af því tagi sem ruddi sér þá til rúms á Ítalíu, í Þýskalandi, á Spáni og víðar. En það var þó ekki stjórnmálamönnum að þakka, ef betur er rýnt í sögu þessara ára kemur í ljós að stór hluti ábyrgðarinnar á þessu ófremdarástandi lá hjá þeim; stundum liggur við að maður hugsi, að þeir hafi verið heppnir að sleppa eins vel og þeir gerðu eftir allt saman.

Á þessum tíma virtist stjórnmálamannastéttin nánast alveg ráðvillt og duglaus. Það var eins og hún gæti ekki ráðið við neitt af þeim vandamálum sem þá steðjuðu að landsmönnum, enda virtust stjórnmálamenn naumast hafa neina stefnuskrá eða sannfæringu. Hins vegar tók hvert fjármálahneykslið við af öðru, og teygðu þau sig oft upp í æðstu stig stjórnmálanna. Þekktast þeirra er e.t.v. „Staviski-málið“ svokallaða; því lauk á þann hátt að svikahrappurinn Staviski stytti sér aldur, en sá orðrómur gekk þó fjöllunum hærra að honum hefði verið komið fyrir kattarnef til að bjarga þeim mörgu pípuhöttum sem flæktir voru í málið. Sem dæmi um andrúmsloftið í landinu má nefna að sagt var um þingmenn róttæka flokksins að þeir væru „eins og radísur, rauðir að utan en hvítir að innan og alltaf við hliðina á smjörinu“. Þegar „þriðja lýðveldið“ lagði upp laupana voru þeir færri sem syrgðu það.

Síðan eru liðin ár og dagur. Og nú fyrir skömmu, 14. og 21. mars, voru haldnar héraðsstjórnarkosningar í Frakklandi, en þeirra var beðið með nokkurri eftirvæntinu, því þetta voru fyrstu kosningarnar í landinu síðan Sarkozy var kjörinn forseti. Samkvæmt öllum fjölmiðlum varð niðurstaðan sú að vinstri flokkarnir unnu stórsigur en stjórnarflokkarnir biðu nánast afhroð. Í fyrri umferðinni fengu sósíalistar tæp þrjátíu af hundraði og voru langstærsti flokkur landsins, „græningjar“ með Daniel Cohn-Bendit og Evu Joly í broddi fylkingar fengu rúm tólf af hundraði og kommúnistar ásamt bandamönnum sínum rúm sex af hundraði, og þótti það allmerkilegt “come back”. Samanlagt fengu allir vinstri flokkarnir nálægt fimmtíu af hundraði. Flokkur Sarkozys fékk hins vegar aðeins rúm tuttugu og sex af hundraði, og hafði engan stóran bandamannaflokk að styðja sig við. Þetta fannst fréttaskýrendum hranaleg hirting.

En þó var eitt sem skyggði dálítið á gleði sósíalista, án þess að vera nokkur huggun fyrir Sarkozy: fleiri sátu nú hjá en nokkurn tíma áður í sambærilegum kosningum. Reyndar hefur kosningaþátttaka í Frakklandi verið að minnka jafnt og þétt, eina undantekningin var forsetakosningin 2007 þegar frambjóðandanum Sarkozy tókst að skapa spnnu, en ef undanskildar eru „Evrópukosningarnar“ sem enginn tekur alvarlega, hefur tala þeirra sem sitja hjá aldrei áður farið yfir helming manna á kjörskrá, a.m.k. ekki um langt skeið: nú var hún rúmlega fimmtíu og þrjú af hundraði. Við þetta bættist annað: „þjóðernisfylking“ hins illræmda Le Pen, sem sumir voru á leiðinni að jarða, reis nú aftur upp eins og Þorgeirsboli og fékk tæp tólf af hundraði. Þetta þótti þeim mun merkilegra fyrir þá sök að sjálfur er Le Pen úr leik fyrir aldurs sakir, þótt hann virðist furðu ern, og er flokkurinn í höndum dóttur hans sem enn er ekki föst í sessi.

Í rauninni var ekki hægt að skýra þetta nema á einn hátt: fremur en að vera „sigur“ vinstri manna sýndu þessi kosningaúrslit djúpstætt vantraust og kannske andúð á stjórnmálamönnum yfirleitt. Kannske var atkvæðatala sósíalista einnig mótmæli fremur en stuðningur við leiðtoga flokksins, sem eru ekki einu sinni rauðir að utan. Þetta heyrir maður alls staðar ef maður gefur gaum að hvíslingum fólksins, menn hafna þeim stjórnmálamönnum sem standa ráðalausir gagnvart atvinnuleysi og versnandi lífskjörum en boða þær umbætur í heilbrigðismálum að loka sjúkrahúsum (einkum fæðingardeildum), þær umbætur í skólamálum að fækka kennurum og draga úr kennslu, og annað eftir því. Þótt ekki geysi neinir flokkar óeirðaseggja um götur að svo stöddu, eru þessi þöglu mótmæli síst betri.

AF NETINU

## Landsmenn standi saman

Það er óendanlega dapurlegt að sjá bæina og jarðirnar undir Eyjafjöllum þar sem allt er á kafi í ösku. Það þarf ofurmannlegt þrek til að lifa og búa í svörtum öskumekki dag eftir dag. Taki gosið sig upp af nýjum krafti er hætt við að ein fegursta sveit landsins, byggðin undir Eyjafjöllum, fari í eyði. Ekki er vafi á að landsmenn munu þá standa saman, allir sem einn, að hjálpa þeim sem tapa öllu sínu. Við Íslendingar kunnum það.

http://blog.eyjan.is/hjalmarsveinsson/2010/04/20/veruleikasjokk/

Hjálmar Sveinsson

## Reiða fólkið í návígi

Fólk er mjög reitt og sumir reiðari en aðrir. Skil þá, sem lýsa reiði sinni í návígi við heimili afbrotafólks í pólitík. Tel, að svar afbrotafólks sé rangt. Ekki má veifa börnum sínum eða afa þeirra framan í mótmælendur. [...] Hins vegar tel ég rangt að fara svona að fólki, sem hefur rænt bankana. Á þessu stigi málsins. Uppgjörið við fortíðina er annars staðar og hefur sinn gang. Þegar dómstólar byrja hins vegar að sýkna afbrotafólk, má fjandinn verða laus mín vegna.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 49904 04/10

Ert þú í Vildarþjónustu Arion banka?

Kynntu þér ávinning þinn á árinu 2009 í Netbankanum.



Nánari upplýsingar um Vildarþjónustu Arion banka má nálgast á arionbanki.is

Arion banki




SIEMENS

Uppþvottavélar frá Siemens.

Hraðvirkar, hljóðlátar og vinnusamar.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## GOTT VERÐ Í BÓNUS **GOTT VERÐ Í BÓNUS** GOTT VERÐ Í BÓNUS

**Hálfur lambaskrokkur 798 kr.kg.** Heilt læri, hálfur hryggur, frampartur í bitum og slag í súpukjöt. Fimm máltíðir fyrir 4 manna fjölskyldu á aðeins ca. **5.500 kr.** eða **1120 kr.** í mál.




**798** KR. KG

**ÍSLANDSLAMB 1/2 LAMBASKROKKUR FROSINN**

Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!




**1398** KR.KG

**ÍSLANDSLAMB FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI**
MERKT VERÐ 1998 KR.KG ***30% AFSLÁTTUR***




**1398** KR.KG

**K.F LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR**
***30% AFSLÁTTUR*** MERKT VERÐ 1998 KR




**998** KR. KG

## K.S FROSIÐ LAMBALÆRI

Best bragðast *frosna* lambalærið ef það er látið þiðna fyrir eldun í 3-5 daga í kæliskáp.

www.bonus.is

Hefur þú skoðað heimasíðu Bónus ?

FÁÐU ÖLL TILBOÐIN Í *BÓNUS* SEND TIL ÞÍN Í TÖLVUPÓSTI: ***SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á*** **WWW.BONUS.IS**

## KOFAREYKT HANGIKJÖT
### *AÐ NORÐAN*




**25%** AFSLÁTTUR

**K.F KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI**
MERKT VERÐ 2998 KR.KG. **2249 kr.kg.**




**25%** AFSLÁTTUR

**K.F KOFAREYKTUR ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR**
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **1498 kr.kg.**




**198** KR.STK

**MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G**



**259** KR.PK

**BÓNUS NÝBAKAÐAR KJALLARABOLLUR**




**298** KR.PK

**BÓNUS MÖFFINS**




**198** KR.PK

**GÆÐA ORKUKUBBUR 600G**




**198** KR.PK

**BÓNUS FROSIÐ PANINIBRAUÐ 2 STK**



**198** KR.PK

**BÓNUS NÝBAKAÐ LANGLOKUR 4 STK**




**398** KR.PK

**BÓNUS VÍNARBRAUÐ**

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í B
Nautaveisla
4 borgarar 80g með brauði
598
KR.PK
NAUTAVEISLU FERSKIR 80G NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI
ÍSLANDS NAUT
30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSNAUT FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK
MERKT VERÐ 3198 KR.KG. 2239 kr.kg.
Nautaveisla
Nautgripahakk
898
KR.KG
N.V FERSKT NAUTGRIPAHAKK
BÓNUS
24
PINNAR
598
KR.PK
BÓNUS ÍSPINNAKASSI 24 STK
AÐEINS 25 KR STK.
2998
KR.KG
HOLLENSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR
1398
KR.KG
HOLLENSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR
OS TILBOÐS SMJÖRVI 300g
185 KR.
Tilboð
Smjörvi
Ali
Grísakjöt
GRÍSAKÓTILETTUR
898
KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
1598
KR.KG
HOLLENSKAR FROSNAR KALKÚNABRINGUR
BÓNUS
Gott á grillið
GRILL-GRÍSAKÓTILETTUR
998
KR.KG
BÓNUS GRILL-GRÍSAKÓTILETTUR
30%
AFSLÁTTUR
K.S FROSIN LAMBASVIÐ
MERKT VERÐ 298 KR. 209 kr.kg.
Fanta
159
KR.FL
FANTA 2 LTR.
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
139
KR.PK
BÓNUS RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ 4 STK.
RISA NAUTABORGARI BRAUÐ OG 120G BORGARI:
Á AÐEINS 165 KR.
GÓÐ KAUP
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120 g
1298
KR.PK
BÓNUS NAUTABORGARAR 10 x 120g
Coca-Cola
139
KR.FL
COKE CLASSIC 1 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA





RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS



**Í BANKANUM** Viðskiptavinir sinna erindum í banka árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fengu greitt fyrir hvern nýjan reikning

**Sölumennska réði ríkjum í bankaþjónustu í góðærinu segir í rannsóknarskýrslunni. Þjónustufulltrúar fengu pening fyrir hvern nýjan reikning sem var opnaður.**

Ein birtingarmynd á breytingum á íslenskum bönkum á tímabilinu 2004 til 2008 var sú að í stað þess að að veita þjónustu færðist í vöxt að bankarnir töluðu um sparnaðarreikninga eða greiðslukort sem vörur, segir í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndarinnar um starfshætti og siðferði.

Rétt eins og fjárfestingarbankar voru drifnir áfram með þóknunum til starfsmanna var tekið upp þóknunarkerfi til bankastarfsmanna. Þjónustufulltrúar fengu greitt fyrir hvern reikning sem opnaður var, fyrir hvert greiðslukort sem selt var.

Fram kemur í skýrslu Atla Atlasonar, starfsmannastjóra Landsbankans, að þar hafi verið við lýði sölubónuskerfi í útibúum; þjónustufulltrúar hafi fengið um þúsund krónur fyrir hvern nýjan reikning sem opnaður var. Góður sölumaður hafi þannig getað hækkað launin um 30 til 40 þúsund á mánuði. Atli segir í skýrslu sinni að svipað kerfi hafi verið í Íslandsbanka og Búnaðarbankanum og Kaupþingi. Þetta hafi verið hugsað sem „hvatning fyrir þá sem voru í framlínunni að selja vöru bankans“.

Vinnuhópurinn bendir á að vandamálið við þessa aðferð sé sú að hún skilgreini þjónustufulltrúann sem sölumann frekar en velgjörðarmann sem hugi að hagsmunum viðskiptavinarins, þannig hafi margir viðskiptavinir litið á sinn þjónustufulltrúa sem vin sem þeir gætu treyst. Upplýsingar um þessa breyttu stefnu bankanna hafa líka ekki legið á lausu.

Í skýrslunni segir svo að fjölmörg dæmi séu um það að reynt hafi verið að blekkja einstaklinga til viðskipta, lítið hafi svo verið til af hljóðrituðum upplýsingum þegar fólk óskaði eftir þeim. Bent er á að starfsmönnum bankanna hafi til að mynda verið sagt að segja viðskiptavinum að peningamarkaðssjóðir væru með öllu áhættulausir þótt reyndin hafi verið allt önnur.

Vinnuhópurinn segir að með þessu breytta hlutverki hafi sjónarmið skammtímahagnaðar ráðið ferðinni. Ekki hafi verið litið til langtímasjónarmiða. Bankarnir hafi verið samtaka í framkomu sinni og þannig hafi verið erfitt fyrir almenning að átta sig á nýjum starfsháttum. Fólk hafi verið blekkt og eftir sitji margir með sárt ennið.

Vinnuhópurinn telur einnig að þó að lántakendur beri sjálfir ábyrgð á eigin lántöku geri bankarnir það einnig, sérfræðiþekking starfsmanna eigi að nýtast viðskiptavinum sem eigi að geta treyst því að fá ráðleggingu þar sem áhætta er tekin með í reikninginn.

sigridur@frettabladid.is

## Taldi bankann blekkja aldraðan föður

Málavextir sögu samskipta aldraðs manns og Kaupþings eru rakin í skýrslu vinnuhóps rannsóknarhópsins um starfshætti og siðferði, unnin upp úr gögnum sem fjölskyldan sendi rannsóknarnefndinni. Þar segir að maðurinn, sem var 87 ára, hafi sagt ættingjum sínum í september 2007 að hann hafi gert alvarleg mistök í fjárfestingum. Í ljós kom að þá um sumarið hafði hann gert afleiðslusamninga sem fólust í því að tekin voru lán í erlendri mynt og keypt fyrir þau hlutabréf, 75 prósent bréfanna voru í Kaupþingi og Existu, afgangurinn aðallega í öðrum bönkum.

Þegar fjölskyldan frétti af málinu óskaði hún eftir að gjörningurinn yrði afturkallaður á þeim grundvelli að maðurinn hefði hvorki þekkingu á þeim né gerði sér grein fyrir afleiðingum þeirra. Maðurinn var alvarlega veikur og hafði sonur hans beðið um að ekki yrði staðið í áhættuviðskiptum fyrir hans hönd og að eignasafni hans yrði komið fyrir í ríkisbréfum. Maðurinn hafi svo ekki kannast við að hafa tekið lán vegna kaupanna heldur talið að hann væri að kaupa hlutabréf fyrir lausafjármuni. Allsherjarveð var tekið í eignasamningi mannsins í ársbyrjun 2008. Bankinn sagði í svari sínu til fjölskyldunnar að ekkert hefði bent til þess að maðurinn glímdi við minnisglöp og segir í skýrslunni að af svörum bankans sé ljóst að bankinn ætlaði sér að svara af fullri hörku.

Málalyktir urðu að fjölskyldan gerði upp við bankann og ætlar ekki lengra með málið. Maðurinn lést skömmu síðar.




Viltu taka þátt í ungliðahópi fyrir krabbameinsgreinda á aldrinum 18 - 29 ára?

Ljósið endurhæfingar – og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda, Kraftur stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hafa tekið höndum saman um að stofna hóp í kringum aldurshópinn 18 – 29 ára sem hefu greinst með krabbamein.

Kynningarfundur verður haldinn í dag miðvikudaginn 21. apríl kl. 17:30 í Ráðgjafaþjónustu Krabbameinsfélags Íslands, Skógarhlíð 8.

Léttar veitingar í boði, aðstandendur eru velkomnir

Hlökkum til að sjá ykkur!

KRAFTUR STYRKTARFÉLAG KRABBAMEINSSJÚKRA BARNA LJÓSIÐ

Allar nánari upplýsingar má finna á vefnum www.ljosid.is, www.kraftur.org og www.skb.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330


**LÝÐHEILSA OG SKIPULAG** er yfirskrift málþings sem haldið verður í Norræna húsinu í dag klukkan 17. Arkitektafélag Íslands í samstarfi við Félag íslenskra landslagsarkitekta, umhverfisráðuneytið og Norræna húsið stendur að fyrirlestraröðinni. www.ai.is





FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447






Eva María Sigurbjörnsdóttir gisti í manngerðum helli, Laugarvatnshelli, í janúar síðastliðnum eftir göngu á Kálfstinda.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gist í helli með skátum

**Eva María Sigurbjörnsdóttir hefur verið skáti í 15 ár, og eins og skáta er venja eru skemmtilegar ferðir innanlands jafnan á dagskrá. Í janúar síðastliðnum fór hún í göngu sem endaði með næturdvöl í helli.**

Skátafélag Evu Maríu heitir Árbúar en gangan sem hún fór í í janúar, á Kálfstinda, var farin með Gilwell-flokknum Dúfur, en Gilwell er foringjaþjálfun innan skátanna.

„Við fórum fimm saman og byrjuðum á því að keyra Líndalsheiðina að Laugarvatnshelli sem er manngerður hellir. Þar skildum við búnaðinn okkar eftir, gengum inn Laugarvatnsvelli og upp á Kálfstinda en þeir eru í um 700-800 metra hæð og eru tveir með litlu gili á milli. Við fórum yfir gilið, yfir Flosaskarð og suður með Þverfelli og enduðum á því að koma aftur niður á Laugarvellina,“ segir Eva María en hringurinn var alls um 12 kílómetra langur og allan tímann var gengið í rigningu.

„Það var eins og við stæðum undir brunaslöngu allan tímann, rigningin var svo svakaleg. Það bjargaði okkur að það var milt og hlýtt veður og hellirinn sem við gistum í var þurr en það var ekki þurr þráður á okkur þegar við komum þangað og við urðum því að hafa fataskipti. Svo sváfum við með plast undir okkur, í góðum svefnpokum og elduðum okkur mat í hellinum.“

Eva María segir að það sé mögnuð tilfinning að gista í helli og er Laugarvatnshellir mjög flottur og skemmtilegur að hennar sögn. „Útsýnið var sérstaklega flott, en maður sá ljósbjarmann frá gróðurhúsunum við Laugarvatn og þetta var mjög vel heppnuð ferð í alla staði. Við vorum heppin að það var frekar stillt veður, því hellirinn er nokkuð opinn en svo þegar við vöknuðum hafði kólnað snögglega svo drifum okkur snemma í bæinn.“

Ferðir með skátunum segir Eva María vera skemmtilegar, ekki síst vegna þess þess að það myndast alltaf notalegt andrúmsloft. „Það skiptir ekki máli hvert er verið að fara eða hvernig veðrið er – það eru allir að fara til að eiga góða stund og maður endar á því að eiga sína skátafjölskyldu. Allir bestu vinir mínir eru orðnir skátar sem og maðurinn minn,“ segir Eva og bætir við að það sé aldrei of seint að byrja í skátunum. „Það er hægt að byrja í skátunum hvenær sem er og alltaf einhverjir sem koma inn í hreyfinguna á fullorðinsárum.“

*juliam@frettabladid.is*








**BARNASKEMMTUN** verður á Minjasafninu á Akureyri á morgun, sumardaginn fyrsta, frá 14 til 16. Ýmislegt verður í boði fyrir alla fjölskylduna, tónlist, leikir, föndur og gjörningur.












Helena, Vernharður og Hrefna færa plönturnar úr sáningarbökkunum í aðra þar sem þær fá meira pláss. Það heitir að prikla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vorhugur og vinnugleði

**Þótt golan sé andköld sem næðir úr norðri þá nær sólin að ylja upp plasthúsin í Gróðrarstöðinni Storð við Dalveginn í Kópavogi þar sem sumarblómin eru að potast upp úr mjúkri moldinni.**

Hrefna Halldórsdóttir og Helena Lind Svansdóttir eru að handfjatla örsmáar plöntur sem sáð var til í febrúar. Þær taka smá brúska í einu úr bakka og leysa í sundur. „Það er misjafnt hversu mikið ræturnar eru flæktar saman," segir Hrefna og fer fimum höndum um þessar hárfínu spírur.



Þegar hver planta er laus er henni umsvifalaust stungið í annan bakka þar sem rýmra er um hana. Þetta er svipað og þegar systkini fá stærra herbergi eftir að hafa kúldrast þétt saman í upphafi. Síðan eru bakkarnir keyrðir á vagni inn á gólf og dreift úr þeim. „Þetta eru fjólur," upplýsir Hrefna. „Þær hafa verið að auka vinsældir sínar undanfarin ár, enda fallegar og henta vel íslenskum aðstæðum. Því er vissara að eiga nóg til af þeim þegar kemur fram á vorið."

Vernharður hefur rekið Storð síðan 1997. Hann segir talsverðar áherslubreytingar hafa orðið á þeim tíma á því hvað kúnninn vilji. „Garðaskipulagið hefur breyst," bendir hann á. „Áður voru beð meðfram húsum og gangstéttum en nú hafa blómin færst upp á pallinn í alls konar ker og á veggina. Fólk vill hafa þau nær sér." Aðalbyltingin núna er grænmetisræktunin að sögn Vernharðs. „Hún jókst gríðarlega mikið í fyrra og ef vel hefur tekist til reikna ég með að áhuginn sé fyrir hendi áfram," segir hann og kveðst vera að byrja að sá káli, kryddjurtum, salati og laukum. Hún býst við að salan hrökkvi í gang um miðjan maí ef allt fer eftir áætlun. *gun@frettabladid.is*



Það eru mörg handtök sem felast í ræktun sumarblómanna.



Vernharður dreifir úr bökkunum á gólfið þar sem plönturnar fá að vaxa og dafna næstu vikurnar.





Vatnsleikföng eru sívinsæl yfir sumartímann.

# Gamalgróinn siður

**Saga sumargjafa nær langt aftur í aldir þótt þær hafi tekið miklum breytingum í tímans rás.**

Sá siður að gefa sumargjafir hefur tíðkast frá 16. öld og á sér lengri sögu en jólagjafir hér á landi. Í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá 18. öld segir: „Á sumardaginn fyrsta, sem er fimmtudagur á milli 18. og 25 apríl, gefur hver heimilisfaðir fólki sínu eitthvert góðgæti af forða síðasta árs, t.d. reykta bringukolla, rikling, rafabelti og nýtt smjer.“

Gjafir nútímans eru þó af öðrum toga og eru leikföng og hlutir sem nýtast inn í sumarið flestum ofarlega í huga. Meðal algengra sumargjafa má nefna línuskauta, hjól, hjólabretti, hlaupahjól, hjólahjálma, sippubönd, bolta, vatnsbyssur, húllahringi, sápukúlur, frisbí-diska, flugdreka, sundföt, strigaskó, jójó og krítar. Sumardagurinn fyrsti er á morgun og er ljóst að margir eiga von á glaðningi.

*vera@frettabladid.is*



Bladerunner Phaser, stækkanlegir barnaskautar. Útilíf 12.990 kr.



Útilíf er einnig með línuskautamarkað í Holtagörðum en þar er að finna eldri gerðir af Rollerbladelínuskautum á verði frá 3.500 krónum.



Razor Spark hlaupahjól. Toys R Us 9.999 krónur.

















Ú L F L J Ó T S V A T N I

"Spennandi útilífsævintýri - fjör og hópefli"

Kassaklifur-GPS ratleikir-Bátasiglingar-Vatnaleikir-Frumbyggjastörf

Fyrir stráka og stelpur 8-12 ára - skipt í hópa eftir aldri

Upplýsingar og skráning á netinu - www.ulfljotsvatn.is

INNRITUN ER HAFIN - Opið virka daga kl 10-16 - sími 550 9800 - sumarbudir@ulfljotsvatn.is

**FERÐAMÁLASTOFA** hefur útbúið lista yfir gagnlegar vefsíður vegna eldgossins. www.ferdamalastofa.is





**Teg. Nela** - glæsilegar mittisbuxur í stærðum S,M,L,XL á **kr. 2.990,-**

**Teg. Gabe** - mjög flottar mittisbuxur í M,L,XL,XXL á **kr. 2.990,-**
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Sumar

Kjólar við buxur
Verð kr. 8.900
Einlitir og munstraðir
Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is




FRAMTAK
BLOSSI ehf

VIBRACON® Stillanlegar undirstöður fyrir vélar og vélbúnað.
Vesturhrauni 1-210 Garðabæ Sími 535 5850-www.framtak.is




Fotocaféen er á Vesturbrú, sem Sigurður segir mjög skemmtilegt hverfi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Rekur ljósmyndakaffihús í kóngsins Köben

**Sigurður Páll Sigurðsson ljósmyndari opnaði í október síðastliðnum kaffihúsið Fotocaféen á Vesterbrogade í Kaupmannahöfn. Þar er að finna alla nauðsynlega aðstöðu til myndvinnslu og ódýrt kaffi.**

„Ég held að ég geti fullyrt að þetta er fyrsta kaffihús sinnar tegundar í Danmörku og líklega á Norðurlöndunum,“ segir Sigurður Páll Sigurðsson ljósmyndari sem á og rekur Fotocaféen á Vesterbrogade í hjarta Kaupmannahafnar. Um er að ræða sambland af kaffihúsi og myndvinnslustofu og segir Sigurður nýjungina hafa hlotið mikla athygli og jákvæð viðbrögð.

Sigurður fluttist búferlum til Kaupmannahafnar fyrir tæpum fimmtán árum til að freista þess að hasla sér völl í ljósmyndabransanum þar ytra. „Það tók smá tíma að koma sér inn í bransann og eins og svo margir aðrir vann ég fyrir mér í skúringum til að byrja með. En það tókst svo að lokum og ég hef starfað í ljósmyndageiranum síðan,“ segir Sigurður.



Á Fotocaféen eru alltaf í gangi ljósmyndasýningar og gestir geta gluggað í fjöldann allan af ljósmyndabókum. MYND/SIGURÐUR PÁLL SIGURÐSSON

Hann rak myndvinnslustofu í borginni í félagi við annan í nokkuð mörg ár, en í október síðastliðnum þótti honum tími til kominn að söðla um og opnaði þá Fotocaféen. „Þetta er blanda af kaffihúsi og þeirri myndvinnsluaðstöðu sem við höfum verið með í mörg ár. Hingað getur fólk komið og fengið filmur framkallaðar, skannað myndir, búið þær til prentunar í tölvu og svo framvegis og líka fengið sér kaffi og með því. Hér er líka mikið af ljósmyndabókum sem viðskiptavinir geta skoðað og keypt og við erum alltaf með ljósmyndasýningar í gangi. Hingað til hafa aðallega danskir ljósmyndarar sýnt hér en það kemur vonandi að því að við fáum íslenska ljósmyndara til liðs við okkur,“ segir Sigurður.

Fotocaféen er staðsett á horni hins vinsæla Vesturbrúartorgs sem er þéttsetið á sumrin, enda er það seilingarfjarlægð frá Aðalbrautarstöðinni og mörg kaffihús rekin við torgið. „Þetta er mjög skemmtilegt hverfi. Hér blandast saman fjölskyldufólk, listamannatýpur og flestar aðrar tegundir. Það kemur fyrir að Íslendingar reki inn nefið, enda býð ég upp á eitt ódýrasta kaffið í bænum. Það kemur sér væntanlega vel um þessar mundir,“ segir Sigurður í Kaupmannahöfn. *kjartan@frettabladid.is*


Opið á sumardaginn fyrsta frá 10:00 – 14:00
Við bjóðum frábært verð
Umfelgun á fólksbíl 5490.-
Umfelgun á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:
Umfelgun á fólksbíl 4900.-
Umfelgun á smájeppa 5900.-
VDO Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is


;ALLT ÚT AÐ BORÐA


Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447





# SUMARIÐ ER LOKSINS KOMIÐ!

## OPIÐ SUMARDAGINN FYRSTA Í ÖLLUM VERSLUNUM INTERSPORT



**3.290**

**CRAZY CREEK 3-DEL LEISURE JR**

Hlífar fyrir úlnlið, olnboga og hné. Barnastærðir.



**4.490**

**CRAZY CREEK HJÄLM STUNT**

Barnahjálmur. Litir: Svartur, hvítur, rauður.

NÝTT!



**8.990** (fullt verð 10.990)

**CRAZY CREEK SCOOTER ARROW 125**

Hlaupahjól úr áli með 125 mm hjólum. Abec 3 kúlulegur. Litir: Silfrað.




**5.990**

**CRAZY CREEK MANIAC RIDERS & COINS**

Hjólabretti fyrir börn. Hámarksþyngd: 50 kg.



**8.990** (fullt verð 10.990)

**CRAZY CREEK SP 100 BOY/GIRL ADJUSTABLE**

Stækkanlegir línuskautar. Barnastærðir.



**5.990** (fullt verð 7.990)

**ADIDAS ORACLE K**

Slitsterkir götuskór úr leðri. Litir: Hvítir, svartir. Barnastærðir.



**6.990**

**ADIDAS PUNTERO V TRX HG / TF**

Fótboltaskór fyrir gras eða gervigras. Barnastærðir.



**3.490**

**ADIDAS ADIPURE 2010 GLIDER**

HM boltinn 2010. Stærðir 4 og 5.



CLUB INTERSPORT

**INTERSPORT**

**PÓSTVERSLUN**

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18

**SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 22. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

MARK TWAIN (1835-1910) LÉST ÞENNAN DAG:

*„Ekki segja að heimurinn skuldi þér eitthvað. Hann skuldar þér ekkert. Hann var hér á undan þér.“*

***Mark Twain var bandarískur rithöfundur. Frægasta verk hans er skáldsagan Stikilsberja-Finnur sem er talin með sígildum meistaraverkum bandarískra bókmennta.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. APRÍL 1965

## *Nafnskírteini og nafnnúmer verða til*

Þennan dag árið 1965 voru nafnskírteini gefin út til allra Íslendinga 12 ára og eldri en um leið voru tekin upp svonefnd nafnnúmer. Við þau var notast fram til áramóta 1987 til 1988 en þá voru kennitölur teknar upp.

Kennitala er einkvæmt tíu tölustafa númer sem einstaklingar, félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki nota á Íslandi til að auðkenna sig í viðskiptum og samskiptum við stofnanir, fyrirtæki og aðra einstaklinga. Þetta númer er á forminu DDMMÁÁ-NNPÖ þar sem DD er dagurinn, MM er mánuðurinn, ÁÁ eru síðustu tveir stafirnir í fæðingarárinu, NN er handahófskennd tala, P er prófsumma sem er reiknuð út frá fyrstu átta tölunum og Ö táknar öldina. Sé um fyrirtæki að ræða er stofndagsetning þess notuð í fyrstu sex tölustöfunum nema hvað tölunni 4 er bætt við fyrsta tölustafinn.

Nafnskírteini eru í dag gefin út til allra einstaklinga sem eru skráðir hér á landi á því almanaksári er þeir fylla 14 ára aldur.



### MERKISATBURÐIR

1828 Noah Webster gefur út fyrstu orðabók Bandaríkjanna.

1958 Elvis Presley kemur plötu sinni Heartbreak Hotel á toppinn í Bandaríkjunum.

1963 Bítlarnir og Rolling Stones hittast í fyrsta sinn.

1967 Dóttir Jósefs Stalín, Svetlana Allilujeva, flýr til Bandaríkjanna.

1977 Söngleikurinn Annie er frumsýndur á Broadway og eiga sýningarnar eftir að verða 2.377.

1989 Um 100 þúsund kínverskir mótmælendur söfnuðust saman á Torgi hins himneska friðar í Peking í Kína.

AFMÆLI



**AUÐUR EIR VILHJÁLMSDÓTTIR** prestur er 73 ára.



**IGGY POP** söngvari er 63 ára.

## Rannsóknarskýrslan til niðurhals

Fyrstu fjögur bindin af rannsóknarskýrslu Alþingis um bankahrunið eru tilbúin á hljóðbókum til niðurhals fyrir almenning.

Undanfarið hafa starfsmenn á Blindrabókasafni Íslands lagt nótt við dag við að vinna úr upplestri starfsfólks Borgarleikhússins á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið og breyta í hljóðbækur. Nú þegar hafa fjögur fyrstu bindin verið færð yfir á hljóðbókarform og þau getur almenningur sótt á heimasíðu Blindrabókasafns Íslands, bbi.is, án kvaða.

Hljóðbókunum er skipt niður í kafla og blaðsíður svo auðvelt er að nálgast beint þá hluta skýrslunnar sem hverjum og einum þykir mest um vert að lesa. Verið er að vinna bindi 5-9 og verða þau gerð aðgengileg jafnóðum og þau eru tilbúin.



**SKÝRSLAN** Fyrstu fjögur bindin eru tilbúin til niðurhals fyrir almenning. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ENN FREKARI RANNSÓKNA ÞÖRF** Guðrún þróaði matstæki til að meta daglegar athafnir og þau taugaeinkenni sem draga úr framkvæmd við iðju árið 1990 en í doktorsverkefninu breytir hún því í mælitæki. Hér er Guðrún við störf á endurhæfingardeild Grensás. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GUÐRÚN ÁRNADÓTTIR: FYRSTI ÍSLENSKI DOKTORINN Í IÐJUÞJÁLFUN

# Breytti matstæki í mælitæki

Guðrún Árnadóttir er fyrsti íslenski doktorinn í iðjuþjálfun en hún varði doktorsritgerð sína „Measuring the impact of body functions on occupational performance: Validation of the ADL-focused Occupation-based Neurobehavioral Evaluation (A-ONE)“ við iðjuþjálfunarbraut samfélagslækninga- og endurhæfingardeildar Háskólans í Umeå í Svíþjóð fyrir skömmu. Þar lagði hún fram mikilvægar viðbætur við A-ONE matstækið sem hún þróaði upphaflega í meistararitgerð sinni. Matstækið var gefið út í Bandaríkjunum árið 1990. Með rannsóknum í doktorsnáminu var matstækinu breytt í mælitæki sem gerir iðjuþjálfum kleift að meta breytingar á ástandi, árangur af íhlutun og bera saman hópa svo dæmi séu nefnd.

„A-ONE matstækið byggir á kvörðum til að meta færni við daglegar athafnir og þau taugaeinkenni sem draga úr framkvæmd við iðju. Kvarðarnir eru raðkvarðar og henta vel til að meta og lýsa ástandi og veita þannig nothæfar upplýsingar til íhlutunar. Hins vegar henta þeir ekki til að mæla breytingar á ástandi. Í doktorsverkefninu er leitast við að bæta úr því enda síaukin áhersla á mikilvægi árangursmælinga í heilbrigðiskerfinu.“

Guðrún segir ekki nóg að lýsa því hvort skjólstæðingur hafi orðið betri eða verri heldur þurfi að mæla það tölulega og slíkt sé ekki hægt með raðkvörðum. Í doktorsritgerðinni tókst hún á við það verkefni að breyta kvörðum A-ONE matstækisins úr raðkvörðum í jafnbilakvarða en þannig nýtist tækið ekki einungis sem matstæki heldur einnig sem mælitæki. „Matstækið er notað með sama hætti og áður en lesið er úr niðurstöðum með aðferðum sem lýst er í doktorsverkefninu.“

Endurmenntunarnámskeið fyrir iðjuþjálfa um A-ONE matstækið og kenninguna sem það byggir á hafa verið haldin reglulega á vegum Guðrúnar og aðstoðarkennara hennar í ellefu löndum Evrópu, Norður Ameríku, Asíu og Ástralíu. Þrjú þúsund iðjuþjálfar hafa þegar setið námskeiðin. Þá hefur verið fjallað um matstækið í öllum helstu fagbókum iðjuþjálfa sem tengjast mati á athöfnum daglegs lífs og taugaeinkennum síðustu tvo áratugi. Hún segir rannsóknum sínum þó ekki lokið. „Það þyrfti að gera mun fleiri rannsóknir auk þess sem ég þyrfti að endurbæta handbókina með tilliti til niðurstaðna doktorsritgerðarinnar til að þær nýtist í klínískri vinnu. Hins vegar er því miður lítið svigrúm til rannsókna og fræðaskrifa innan íslenska heilbrigðiskerfisins í dag svo ekki er séð fyrir hvort þessar niðurstöður skili sér í klínískri iðjuþjálfun í bráð. Þó er áhugi fyrir því að taka upp þráðinn erlendis svo við verðum að sjá hvað setur.“

**vera@frettabladid.is**

---

†



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Daníels Eysteins Njálssonar**

frá Breiðabólsstað, Skógarströnd, Leirubakka 26, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir góða umönnun.

**Valgerður Ólafía Guðjónsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og langafabarn.**

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dagmar Valgerður Kristjánsdóttir**

Hólavegi 23, Sauðárkróki,

sem lést 15. apríl, verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 24. apríl kl. 16. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki.

**Valgeir Steinn Kárason** — **Guðbjörg S. Pálmadóttir**
**Kristján Már Kárason**
**Steinn Kárason** — **Kristín Arnardóttir**
**Soffía Káradóttir** — **Hafsteinn Guðmundsson**
**Jóna Guðný Káradóttir** — **Gunnar Á. Bjarnason**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir, systir og amma,*

**Guðmunda Hjálmarsdóttir**

Laufrima 4,

lést 19. apríl á Skógarbæ. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, 28. apríl klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Birgir Jónsson.**

---

†



*Okkar ástkæri*

**Jón Árnason**

Sléttuvegi 13

er látinn.

**Aðstandendur.**

# Vogar eru 5 ára, 120 ára og 740 ára



VOGAR Á VATNSLEYSUSTRÖND Sveitarfélagið á margfalt afmæli.

Málþing um sögu Vatnsleysustrandarhrepps og Sveitarfélagsins Voga verður haldið laugardaginn 24. apríl í tilefni af afmælisári sveitarfélagsins Voga. Magnús Hlynur Hreiðarsson fréttamaður stýrir málþinginu en þar verða flutt fjölmörg erindi sem tengjast sögu og mannlífi í Vogum og á Vatnsleysuströnd. Minjafélag Vatnsleysustrandarhrepps stendur fyrir málþinginu í samstarfi við Sveitarfélagið Voga.

Árið 2010 er afmælisár hjá íbúum Sveitarfélagsins Voga, en aldur afmælisbarnsins er hægt að skilgreina á mismunandi máta. Segja má að það eigi fimm ára afmæli þar sem um næstu áramót verða fimm ár frá því Vatnsleysustrandarhreppur varð Sveitarfélagið Vogar. Eins er hægt að halda því fram að verið sé að halda upp á 120 ára afmæli, en þann 16. júní 1890 var nýju landamerkjabréfi þinglýst sem staðfesti landamerki milli Njarðvíkur og Voga sem markar upphaf sveitarfélagsins í núverandi mynd. Þá væri hægt að halda upp á 740 ára afmæli, en minnst er á Vatnsleysustrandarhrepp í jarðalögum frá 1270.

Málþingið fer fram í Tjarnarsal Stóru-Vogaskóla í Vogum og hefst klukkan 10. Aðgangur er ókeypis og er öllum heimil þátttaka, en æskilegt er að skrá þátttöku í síma 440-6200 eða í gegnum netfangið skrifstofa@vogar.is. Nánari upplýsingar á www.vogar.is.

# Opið hús að Reykjum í Ölfusi

Landbúnaðarháskóli Íslands stendur á morgun, sumardaginn fyrsta, fyrir opnu húsi en skólinn er að Reykjum í Ölfusi, í útjaðri Hveragerðisbæjar.

Skólinn verður opinn frá klukkan 10-18 þar sem meðal annars fer fram Íslandsmeistarakeppni í blómaskreytingum og fleira skemmtilegt, svo sem sýning á pottaplöntusafni og verkefnum nemenda í skrúðgarðyrkju sem verða til sýnis í verknámshúsinu.

Kaffiveitingar verða í boði auk þess sem hægt verður að gera góð kaup á markaðstorgi þar sem grænmeti, blóm og trjáplöntur verða til sölu. Klukkan tvö um daginn verða garðyrkjuverðlaun Landbúnaðarháskólans veitt sem og Umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar.



MARGT BRALLAÐ Í HVERAGERÐI Skemmtileg dagskrá er í Hveragerði á sumardaginn fyrsta og opið hús hjá Landbúnaðarháskólanum.

---



**Þórdís Aðalbjörg Þorvarðardóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi 17. apríl. Útförin auglýst síðar.

**F.h. aðstandenda,**
**synir hinnar látnu.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Árni Magnússon**
frá Flögu,

lést á Kumbaravogi 16. apríl.

**Sigrún A. Sigurðardóttir**
**Kristinn Árnason** **Jóna Guðmundsdóttir**
**Magnús Vignir Árnason** **Elínborg Arna Árnadóttir**
**Hörður Árnason** **Þórunn María Þorgrímsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurjón Árnason,**

andaðist á Landspítalanum fimmtudaginn 15. apríl. Jarðsungið verður frá Patreksfjarðarkirkju, laugardaginn 24. apríl kl. 13.00.

**Svanhvít Bjarnadóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg dóttir okkar,*

**Fanney Edda Frímannsdóttir**
Holtsbúð 30, Garðabæ,

lést þann 13. apríl. Hún verður jarðsungin frá Vídalínskirkju föstudaginn 23. apríl kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Lyngás í gegnum Ás styrktarfélag. Reikningur 303-26-4339 kt. 630269-0759. Lyngás er dagvistun fyrir fötluð börn og var henni og fjölskyldunni mjög kær.

**Frímann Svavarsson** **Elísabet Eggertsdóttir**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Stefaníu A. Jónsdóttur**
Herjólfsgötu 36, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks St. Jósefsspítala fyrir einstaka umönnun og hlýju. Útförin hefur þegar farið fram. Þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar.

**Jón Guðmundsson**
**Guðmundur Geir Jónsson** **Sigríður B. Eggertsdóttir**
**Jón Eggert Guðmundsson**
**Jóhannes Geir Guðmundsson** **Pamela Perez**
**Björgvin Guðmundsson**
**og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Leif Nicolai Steindal**
Vesturgötu 156 á Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 15. apríl. Jarðsungið verður frá Akraneskirkju mánudaginn 26. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afbeðin, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akraness.

**Louise Steindal**
**Helgi Steindal**
**Anna Lára Steindal** **Bjarni Gunnarsson**
**Þorkell Jóhann Steindal**
**Nikulás Nói og Kolbeinn Tumi Bjarnasynir Steindal.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ingvars Einars Bjarnasonar**
prentara
Fannborg 8, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Deild L-5, Landakoti.

**Guð blessi ykkur öll.**

**Valgerður Guðjónsdóttir**
**Sigrún Ingvarsdóttir** **Bjarni Bjarnason**
**Guðjón Ingvarsson**
**Þórunn Ingvarsdóttir** **Eðvald Sigurðsson**
**Þórhildur Jóna Einarsdóttir** **Guðbrandur Kjartansson**
**Einar Þór Einarsson** **Guðrún Ingibjörg Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Þorleifur Jónsson**
Skúlagötu 40a, Reykjavík, áður bóndi Litla-Langadal á Skógarströnd,

verður jarðsunginn frá Áskirkju í Reykjavík föstudaginn 23. apríl 2010 kl. 15.00.

**Sigurfljóð Jónsdóttir**
**Margrét K. Jónsdóttir**
**Guðmundur Jónsson** **Guðríður F. Guðjónsdóttir**
**Ingunn Jónsdóttir**
**og systkinabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erla Elísdóttir**
Vestursíðu 38f, Akureyri,

andaðist á Sjúkrahúsinu 16. apríl, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. apríl kl.13.30. Þeim sem vildu minnast hennar láti Sjúkrahúsið á Akureyri njóta þess.

**Tómas Leifsson** **Sigríður Gunnarsdóttir**
**Þóra Elísabet Leifsdóttir** **Sigurður Vigfússon**
**Ottó Leifsson**
**Guðrún Bjarney Leifsdóttir** **Sigurjón Magnússon**
**Nanna Herborg Leifsdóttir** **Friðrik Þór Friðriksson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Óskarsson**
Leynisbraut 18, Akranesi,

lést á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, miðvikudaginn 14. apríl. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 23. apríl kl. 14.00.

**Svavar Kristján Garðarsson** **Jóna María Sigurgíslad. Kjerúlf**
**Helga Nína Garðarsd. Trankell** **Bo Anders Trankell**
**Garðar Þór Garðarsson**
**og fjölskyldur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



*HOLLUR SKYNDIBITI*

**VATNS-MELÓNUR**
**199** KR./KG



**SÆTAR KARTÖFLUR**
**249** KR./KG



**EPLI JONAGOLD**
**149** KR./KG

*BAKAÐ Á STAÐNUM*



**HVÍTLAUKS-HRINGUR**
**349** KR./STK.

*ILMANDI BAKKELSI*



**PISTASÍU-STYKKI**
**179** KR./STK.



# 20% afsláttur

**ÓDÝRT**

**LAMBA-LÆRISSNEIÐAR**
**1598** KR./KG
~~1998~~

## ÚR KJÖTBORÐI NÓATÚNS

Kryddið gerir gæfumuninn

# Kryddblöndur og marineringar að eigin vali

Þú velur kjötið, við kryddum eða marinerum fyrir þig



ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI



Þú getur valið um fjórar kryddblöndur og fimm marineringar.

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI



**23% afsláttur**
**LAMBA-KÓTILETTUR**
**1698** KR./KG
~~2198~~

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI



**17% afsláttur**
**UNGNAUTA-GLÓÐABORGARI 120 G**
**189** KR./STK.
~~229~~

*ÓDÝRT OG GOTT*



**22% afsláttur**
**ÍM HEILL KJÚKLINGUR**
**669** KR./KG
~~859~~

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

DAG Nótt 24·7
Alla daga - allar nætur
Hringbraut - Austurver - Grafarholt



KRYDDAÐ AÐ EIGIN VALI

# NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*

# Gómsætt á grillið í Nóatúni

GIRNILEGT OG GOTT

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI



**30% afsláttur**

LAMBA-INNRALÆRI

**2379** KR./KG

~~3398~~

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI



**41% afsláttur**

UNGNAUTA-BORGARI 90 G

**99** KR./STK.

~~169~~



**25% afsláttur**

ÍM FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

**1799** KR./KG

~~2398~~




SVALANDI OG GOTT

SPRITE
SPRITE ZERO
1 L

**139** KR./STK.




GÓÐUR MORGUNVERÐUR

COCOA PUFFS
690 G

**798** KR./PK.




GÓMSÆTT OG GOTT

FREYJU RÍSKUBBAR

**336** KR./PK.




3 POKAR

POP SECRET ÖRBYLGJUPOPP

**345** KR./PK.



KJÖRÍS MJÚKÍS MEÐ PEKANHNETU OG KARAMELLU, 1 L

**499** KR./PK.



AUNT MABEL KARAMELLU MUFFINS

**179** KR./STK.



GRILLBAKKAR FYLLTIR SVEPPIR KRYDDAÐ GRÆNMETI

**549** KR./PK.




SHOP RITE ÁLPAPPÍR, 37,5 FT

**498** KR./PK.

Opið í Hamraborg og Nóatúni 17 frá kl. 10 - 20 alla daga

www.noatun.is

NÓATÚN




# Forsetinn gegn þjóðinni

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Merkilegt ástand skapaðist í upphaf síðustu viku á Íslandi. Þau bjartsýnustu höfðu vonað að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, loksins þegar hún kæmi út, brygði einhverri ljóstíru á orsakir efnahagshrunsins. Þau svartsýnustu töldu hana gagnlausa. Enginn þorði að vona að í henni væri að finna það sem hún reyndist síðan geyma; heiðarlegt uppgjör við alla kima samfélagsins. Háa og lága, stjórnmál og eftirlitsstofnanir, þátttakendur og þá sem ekkert gerðu, bankamenn og stjórnendur banka. Allir fengu sinn skerf af gagnrýni. Og sátt skapaðist.

**ÞAÐ** skapaðist sumsé sátt um að hér væri kominn grundvöllur endurreisnarinnar. Hérna færi fram opinská gagnrýni og heiðarleg tilraun til uppgjörs við fortíðina. Tilraun sem tókst. Jafnvel glytti í nýja tíma.

**EN** þá steig fram forseti lýðveldisins herra Ólafur Ragnar Grímsson. Það vill nefnilega svo til að í skýrslunni eru þau almæli tíunduð að forsetinn skjallaði útrásina. Lagði land undir fót og hélt innblásnar ræður um eðli Íslendinga sem gerði þá að sönnum fjármálasnillingum. Gaf þeim blessun embættis forseta Íslands; gjörið svo vel, eðli ykkar er að fara og sigra aðrar þjóðir og græða fé. Þetta var ekkert leyndarmál, ræðurnar má enn lesa á heimasíðu forsetans.

**ÓLAFUR** Ragnar Grímsson, fyrrum stjórnmálamaður, var hins vegar ekki sáttur við þessa gagnrýni. Hann mætti, sem Ólafur Ragnar Grímsson forseti, í viðtöl og reifst við fjölmiðlamenn. Benti á mistök hér, það var ekki þessi flugvél, og þar, ég hitti ekki þennan mann heldur bróður hans. Með þessu reyndi hann að gera hlut Ólafs Ragnars Grímssonar betri.

**GJALDIÐ** sem hann var tilbúinn að greiða fyrir það var sá sáttagrundvöllur sem skapast hafði með þjóðinni. Því um leið og Ólafur Ragnar Grímsson pikkar í skýrsluna og bendir á ónákvæmni – sem í raun engu skiptir í stóra samhenginu – er hann að draga niðurstöður skýrslunnar í efa.

**ÞAÐ** er umhugsunarvert að fyrsti maðurinn til að draga réttmæti skýrslunnar í efa skuli vera forseti lýðveldisins. Hans eina hlutverk í lífinu er að vera sameiningartákn þjóðarinnar. Hann hefur svo sem sýnt það að honum hefur gengið illa í því hlutverki. En er til of mikils mælst að hann hætti að vinna beinlínis gegn þjóðinni? Jafnvel þótt það varði einkahagsmuni Ólafs Ragnars Grímssonar sjálfs.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hinn harði heimur strætisins

Leiklist ★★★

**Stræti eftir Jim Cartwright**

Þýðing: Árni Ibsen Leikmyndahönnun: Vytautas Narbutas. Búningar: Filippía Elísdóttir. Lýsing: Páll Ragnarsson og Björn Bergsteinn Guðmundsson. Tónlist: Vala Gestsdóttir og Arndís Hreiðarsdóttir. Leikstjóri: Stefán Baldursson.



**LEIKLIST** Trúarlegar uppstillingar koma víða fyrir í sviðsetningu Stefáns Baldurssonar í Stræti: Hilmar Jensson og Lára Jóhanna í hlutverkum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stræti eftir Jim Cartwright hentar að sumu leyti vel sem lokaverkefni fyrir sjömenningana sem eru að klára í leiklistardeild Listaháskólans. Víst ná þau bestum tökum á yngri persónum í verkinu þótt þau takist á við fullorðið fólk og eldri borgara af sömu einbeitingu og þá yngri. Sýningin dreifir verkefnum á allan hópinn og þau sýna vel hvað í þeim býr. Hér vegur bæði hvernig hlutverkin falla í framgangi leiksins og eins hvernig leikstjórinn, Stefán Baldursson, dreifir þeim. Verkið nýtur sín prýðilega í víðu rými á jarðhæð Landsmiðjunnar gömlu sem er skreytt graffi, leikmunir eru fáir og hinn verklegi framgangur sýningarinnar var prýðilega vel heppnaður þótt hún væri víða full gisin í tempói og dytti á köflum niður sem skýrist að hluta af því að leikstjórinn vill láta unga leikendur takast á við mishraða í leiknum sem tekst ágætlega þótt það dragi nokkuð úr agressjóninni í verkinu.

Nemendasýningar eru merkilegt einstigi í leikstjórn. Stefán hefur í seinni tíð lent dálítið mikið í að sviðsetja verk um lágan lýð vestrænna samfélaga, ég veit ekki beint hvort það hentar honum best en það er alltaf gaman að sjá verkin hans.Svo má aftur spyrja: verk sem sprettur upp úr eymd norðursvæðanna á Englandi eftir hinn dimma vetur óánægjunnar og verður sumpart inngangur fyrir hópinn sem kenndur er við „inyourface“, hvernig dugar það hér og nú svo rækilega sem Strætið reyndist bundið í tíma. Heldur þótti mér það hafa rýrnað.

En krakkarnir eru flestallir afbragð í þessum árgangi: kynnirinn Scullery sem Hilmar Jensson leikur af krafti tapaði nokkuð gildi sínu í sýningunni, varð eintóna og dreif engan veginn atburðarásina þótt Hilmar héldi vel um þau fáu spil sem hann hafði á hendi. Nafni hans Guðjónsson lék nokkur hlutverk, óborganlegur sem eldri maður á kvennafari og dauður dáti. Leikur hans í því magnaða hlutverki skinnarans var óravegu frá minnisstæðri túlkun Baltasars fyrir fimmtán árum, stundum eins og kópía af Birni Thors. En þeir eru báðir kraftmiklir og öruggir strákar. Ævar Þór Benediktsson sýndi raunar lang fjölbreytilegastan leik: ungur strákur í svelti, gamall maður í ljóma liðinna danshúsa og svo sem ungur uppi í kvennaleit.

Stelpurnar fjórar máttu svo vera snöggar í tíðum skiptingum og hoppi milli persóna: Lára Jóhanna Jónsdóttir með opinn og bjartan svip sem stúlka á strákafari og glyðruleg og smámælt í annars konar djammara. Þórunn Arna Kristjánsdóttir óhugnanleg í hlutverki barinnar konu, frökk og fín sem stelpa á djamminu sem greinir möguleikann á að komast burtu, kannski síst sem smástelpugæra. Anna Gunndís Guðmundsdóttir nöturleg bæði sem gömul kona og stúlkubarn, Svandís Dóra Einarsdóttir í hlutverkum miðaldra kvenna af ýmsu standi. Hópurinn er sterkur í skjóli öryggis fjögurra ára samvinnu en svo tekur samkeppnin harða við.

Nýnæmið af nýjum andlitum kemur alltaf skemmtilega á óvart þó það sé fyrst í ólgusjó stærri sýninga og smærri þar sem þessir krakkar verða að takast á við þroskaðri listamenn sem við getum greint hvaða töggur eru í þeim. En allt bendir til að í árganginum fáum við krafta sem ættu að duga okkur vel á sviðum næstu áratugina þótt tölfræðin bendi til að einungis helmingur þeirra verði starfandi í leikhúsi næstu áratugi. Sýningar verða fáar næstu vikur og salurinn tekur fáa í sæti svo best er áhugasömum að drífa sig. Sýningaplan er á midi.is og er uppselt á fjórar sýningar í næstu viku.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Nokkuð rysjótt sýning en með athyglisverði persónusköpun þótt tíminn hafi rýrt verkið nokkuð.

## NÝJAR BÆKUR

Söngvabókin Í grænni lautu eftir Ragnheiði Gestsdóttur hefur nú verið endurútgefin hjá Máli og menningu. Þessi bráðskemmtilega bók geymir skemmtilega söngvaleiki sem Ragnheiður hefur safnað saman, leiki sem börn á öllum aldri hafa um árabil skemmt sér við jafnt úti sem inni. Sumir leikirnir hafa gengið kynslóð fram af kynslóð en aðrir eru nýrri. Bókin er ómissandi hverjum barnahópi, í skólum, leikskólum og heimahúsum. Ragnheiður Gestsdóttir hefur skrifað og myndskreytt fjölda barna-, unglinga- og kennslubóka. Bók hennar Ef væri ég söngvari var mest selda barnabók síðasta árs og hlaut Dimmalimm-verðlaunin í fyrra. Ragnheiður hlaut einnig Norrænu barnabókaverðlaunin og Barnabókaverðlaun fræðsluráðs fyrir bók sína Sverðberann árið 2004 og Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir skáldsöguna Leikur á borði árið 2000.



Óðhalaringla er skrýtin og skemmtileg furðuskepna sem lítur dagsins ljós þegar saman koma þrjár kostulegar kvæðabækur Þórarins Eldjárns með frábærum myndskreytingum Sigrúnar systur hans: Óðfluga, Heimskringla og Halastjarna. Í Óðhalaringlu eru svo sannarlega höfð endaskipti á tilverunni og eitt og annað verður óðhalaringlað svo um munar; bílar verða sófasett á hjólum, brunahani er á strigaskóm og beljur svífa á svelli í skautadansi svo eitthvað sé nefnt. Safnið kom út fyrir fáeinum árum og er nú endurprentað fyrir nýjar kynslóðir. Vaka Helgafell gefur út á ný.





Sumardagurinn fyrsti hefur löngum þótt kjörinn gjafadagur til barna og er hægt að hugsa sér betri sumargjöf en bókina En hvað það var skrýtið eftir Pál J. Árdal með myndlýsingum Halldórs Péturssonar. Bókverkið kom út á sjötta áratugnum og er nú gefið út á ný. Sagan af ömmustelpunni í sparikjólnum sem fór út að leika sér í sólinni hefur glatt kynslóðir Íslendinga áratugum saman. Kvæði Páls J. Árdals, En hvað það var skrýtið, með myndum Halldórs Péturssonar kom fyrst út árið 1955 og er fyrir löngu orðið sígilt. Mál og menning gefur út.

Ný saga um Maximús Músíkús er komin út hjá Máli og menningu. Enn segir þar af músinni og ferðum hennar um tónlistarheimana. Höfundar eru sem í fyrri bókinni þau Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson, en bókinni fylgir geisladiskur þar sem Valur Freyr Einarsson les söguna og ungir einleikarar flytja tónverkin sem við sögu koma undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Mál og menning gefur út og hefur líka gefið fyrstu bókina, Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina, út á ný.




# Eir hjúkrunarheimili

hefur tekið í notkun öryggisíbúðir fyrir aldraða



EIRBORGIR, við Fróðengi 1-11 í Reykjavík

Til sýnis sumardaginn fyrsta 22. apríl frá kl. 13 - 17





Íbúðirnar eru til sýnis fimmtudaginn 22. apríl frá 13-17 og munu starfsmenn Eirar veita upplýsingar á staðnum um verð þeirra, greiðslukjör og þjónustu í húsinu.

Íbúðirnar, sem eru af nokkrum stærðum, eru sérhannaðar þannig að aðgengi er mjög gott og auðvelt að veita aðstoð og hjúkrun þeim sem þurfa. Hægt er að ferðast á hjólastól eða rafskutlu um allt húsið.

Fullkomið öryggiskerfi er í öllum íbúðunum tengt vaktstöð og vakthafandi starfsfólki. Innangengt verður úr öllum íbúðunum við fyrirhugaða þjónustu- og menningarmiðstöð Reykjavíkurborgar.

Hjúkrunarheimilið Eir | www.eir.is | Sími 522 5700 | Fax 522 5751

# Fólk

folk@frettabladid.is

*„Það er fyndið fyrst. En svo áttar maður sig á því hversu sorglegt það er að til sé fólk sem getur ekki einu sinni ímyndað sér hvernig það er að vera svona ástfanginn.“*

**TOM CRUISE**
**segir hvað honum finnst um að fólk haldi að hjónaband hans hafi verið auglýsingabrella.**



*„Ég átti frábæran áttunda áratug. Ég lifði hann af og það eru alltaf góðar fréttir.“*

**JEFF BRIDGES**
**þegar hann var spurður út í æskuárin.**



*„Ég sé aldrei eftir neinu sem ég segi eða geri. Ég vil ekki þurfa að ritskoða líf mitt. Ég vil geta sagt það sem mér liggur á hjarta og ég held að fólk virði það ef maður er hreinskilinn.“*

**EVA LONGORIA**
**um hreinskilni.**



# EUROVISION-STEMNING Í SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR

**Sundhöll Reykjavíkur var undirlögð af kvikmyndagerðarfólki aðfaranótt sunnudags þegar nýtt myndband við Eurovision-slagarann Je ne sais quoi var tekið upp.**

Vera Sölvadóttir er leikstjóri nýja myndbandsins og myndbandið þykir nokkuð óhefðbundið af Eurovision að vera. „Það eru engir karlar að dansa í diskógalla, ef það er það sem þú ert meina,“ segir Vera í samtali við Fréttablaðið. Hún var þó ekkert sérstaklega bjartsýn á að þetta myndband fengist í gegn og það kom henni skemmtilega á óvart þegar fulltrúar lagsins samþykktu handritið sem hún hafði skrifað. „Ég bjóst ekkert við því,“ segir Vera.

Leikstjórinn vill ekki gefa upp of mikið um efni myndbandsins sem verður frumsýnt í næstu viku ef allt gengur samkvæmt áætlun. Hátt í fimmtíu manns komu að gerð myndbandsins og eftir því sem Fréttablaðið kemst næst þá ríkir mikil litadýrð í myndbandinu. Vera segir alla hafa skemmt sér konunglega við gerð myndbandsins, ekki síst söngkonuna sjálfa, Heru Björk.

En þegar gengið er á Veru og hún spurð út í atburðarásina í myndbandinu upplýsir hún að Hera verði ástfangin í myndbandinu. Og sá heppni er enginn annar en Valdimar Örn Flygenring, leikari með meiru. „Af hverju hann? Valdimar er bara mega-hönk og smellpassaði alveg inn í þetta hlutverk,“ segir Vera og bætir því við að leikarinn hafi brugðist snöggt við kallinu með mjög skömmum fyrirvara. „Hann reyndist tilbúinn til að fórna sér fyrir málstaðinn, sagði að þetta væri sitt framlag til íslenska lagsins.“

freyrgigja@frettabladid.is





**FLOTT UMHVERFI**
Sundhöll Reykjavíkur er sögusviðið í myndbandinu við Eurovision-slagarann Je ne sais quoi þar sem **Hera Björk** og Valdimar Örn Flygenring fara á kostum.





Opinn dagur í Háskólanum á Bifröst á sumardaginn fyrsta kl. 14 – 17.

Komdu í heimsókn og fáðu persónulega leiðsögn um skólann og allar upplýsingar um námið. Nemendur og kennarar kynna námsleiðir, verkefnavinnu, vinnubrögð og þá góðu aðstöðu sem er í boði, t. d. íbúðirnar, barnaaðstöðuna, líkamsræktarstöðina, baðsvæðið o.fl. Einnig kynnir Skólafélagið hið litríka félagslíf sem setur svip sinn á námið á Bifröst.

Skemmtidagskrá og grill fyrir alla fjölskylduna

- Nytjamarkaður með hönnun, handverk og góðgæti beint frá býli
- Fótboltakeppni
- Dýfukeppni
- Kubba-kast
- Sérstök barnadagskrá
- Grillmatur fyrir alla



Hljómsveitin Dikta leikur fyrir gesti kl. 17.

Sjáumst á Bifröst!

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



Og hvar er hann nú?

Skemmtilegir söngvaleikir sem börn á öllum aldri hafa um árabil leikið jafnt úti sem inni




Ragnheiður Gestsdóttir tók saman og myndskreytti



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

MINNUM Á ÁVÍSUNINA Í VIKU BÓKARINNAR



# HÖFÐATORG. KRAFTUR, FRAMSÝNI OG ÓTRÚLEGT ÚTSÝNI

## Nú flytja kraftmikil fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum í turnbygginguna á Höfðatorgi.



Þar verða nýjar höfuðstöðvar Olís, lögfræðistofur, hugbúnaðarfyrirtæki og ýmis þjónustufyrirtæki, ásamt fjölda veitingastaða. Í næstu byggingu hafa flest svið Reykjavíkurborgar aðsetur með mikinn fjölda starfsfólks og glæsilega þjónustumiðstöð.

Byggingin er hæsta skrifstofubygging borgarinnar. Við hönnun og byggingu hennar var stefnt að því að reisa vandaðasta og nútímalegasta skrifstofuhúsnæði landsins – opin, björt og sveigjanleg rými sem bjóða upp á fallegar og hagkvæmar lausnir. Við óskum nýju fyrirtækjunum á Höfðatorgi innilega til hamingju með nýja húsnæðið.





BBA // LEGAL | Landskerfi bókasafna | isnic Internet á Íslandi hf. | LS RETAIL | olís | Kaffitár | serrano | Beauty Bar

ELDHRÍMNIR | happ Healthy and Pure Products | LITALAND | Reykjavíkurborg | PRENTTORG ljósritun prentun plöstun | JP LÖGMENN ATTORNEYS | LVA LÖGMENN VIÐ AUSTURVÖLL | ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN


Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Gleðilegt
FRÁ 3790
ÚTIPOTTAR
•Svartir og brúnir
KETER
9999
GEYMSLUKASSI
•117x45x58 cm
4490
KÚLUGRILL
• Grillkol, 2 kg, kr 649
• Uppkveikilögur, 1 ltr, kr 689
179 pr. stk
ÁVAXTASAFI - DON SIMON
•1 ltr
DON SIMON
4990
GARÐBORÐ
•Garðstóll, kr 3199
10.990 pr. stk
GARÐSTÓLL - BADEN BADEN
•Til í bláu og gráu
499 pr. stk
GARÐVERKFÆRI - PLAST
WARPNÄS
PLANTERINGS JORD
1290
GRÓÐURMOLD - 50 LTR
TREOLJE
2199
VIÐAROLÍA
•3 ltr
1399
MÁLNINGAPENSLAR
•3 saman
FRÁ 1890
ÍÞRÓTTASKÓR
• Barna, kr 1890
• Dömu og herra, kr 2590

Opið á morgun, sumardaginn fyrsta frá kl. 10:00 til 18:00




# sumar






**699**
GLJÁ- OG HREINSIEFNI
- Fyrir bíla, húsbíla, fellihýsi og hjólhýsi
- Sonax
- 1 ltr



**FRÁ 1899**
REIÐHJÓLAHJÁLMAR
- Barna, kr 1899
- Unglinga, kr 2699
- Fullorðnir, kr 3799



**199**
GÖTUKRÍT - 6 STK



**990**
TENNISSPAÐAR
- Tveir spaðar og bolti



**1990**
LEIKFANGAHJÓLBÖRUR



**499**
GÖTUKRÍT - 20 STK



**759**
GRIPBOLTI



**599**
PAPPÍRSDÚKUR
- 6 metrar á rúllu
- 50 m hvítur dúkur, kr 3490




**499**
FLUGHJÓL



**599**
SIPPUBAND - KALLI KANÍNA



**FRÁ 599**
REIÐHJÓLALÁSAR
- 8x600 mm, kr 599
- 10x1800 mm, kr 999
- 25x1200 mm, kr 2299



**5799**
HJÓLAGRIND FYRIR 3 HJÓL
- Lakkað stál



**49.990**
DÖMUREIÐHJÓL - CLASSIC
- Ál grind
- 3ja gíra, Shimano gírar



**18.990**
MYNDBANDSUPPTÖKUVÉL
- 12 MP
- 2,4˝ skjár
- 4x digital zoom

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

NÝTT Í BÍÓ!



















**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE LÚX | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | L |
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 3.40 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 10.15 | 7 |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 8 - 10 | 10 |
| PRECIOUS | kl. 6 | 12 |

facebook.com/smarabio

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE CRAZIES | kl. 10.15 | 16 |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 5.50 - 8 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| TRIAGE | kl. 6 íslenskur texti | 16 |
| NOWHERE BOY | kl. 10 íslenskur texti | 10 |
| FOOD INC. | kl. 8 enskur texti | L |
| CRAZY HEART | kl. 5.45 íslenskur texti | L |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 - 9 enskur texti | 16 |
| TRASH HUMPERS | kl. 10 íslenskur texti | 18 |
| VIDEOCRACY | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| THE LIVING MATRIX | kl. 6 íslenskur texti | L |
| THE COVE | kl. 8 íslenskur texti | L |
| BURMA VJ | kl. 10 íslenskur texti | 12 |

SÝNINGARTÍMA BÍÓDAGA ER AÐ FINNA Á MIDI.IS



NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| THE CRAZIES | 8 og 10 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | 4 | L |
| DATE NIGHT | 6 og 8 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | 6 og 10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | 4 - 3D - ÍSL TAL | L |
| NANNY MCPHEE THE BIG BANG | 3.40 | L |






**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| KICK ASS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 3:40 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN SELFOSSI**

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 8 - 10 | 10 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10D - 10:40D | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:50 - 6 | L |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 8:10(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:50(3D) | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D ensku. Tali | kl. 6(3D) | L |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 3:40 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D ísl. | kl 6 | L |
| CLASH OF THE TITANS - 3D | kl 8 - 10:20 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl 6 | L |
| KICK ASS | kl 8 - 10:20 | 14 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118




**FÖGUR KONA** Christina Hendricks þykir ein fallegasta kona heims. Hún sló í gegn í þáttunum Mad Men. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gefur körlum ráð

Leikkonan Christina Hendricks sem sló í gegn fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Mad Men hefur verið nefnd ein kynþokkafyllsta kona heims. Í viðtali við tímaritið Esquire gefur hún karlmönnum nokkur góð ráð um hvernig eigi að umgangast kvenfólk.

„Leggið á minnið hvað það er sem okkur líkar. Þegar ég byrjaði að hitta eiginmann minn var ég mjög hrifin af öllu sem viðkom fjölleikahúsum. Mánuði síðar gaf hann mér fallega ljósmyndabók með myndum af fjölleikahúsum og þegar ég sá gjöfina brast ég í grát. Mér fannst yndislegt að hann hefði munað eftir því sem ég hafði sagt heilum mánuði áður og haft fyrir því að leita að gjöf sem hitti fullkomlega í mark." Auk þess segir Hendricks að karlmenn eigi að hrósa konum sínum og alls ekki tala illa um vinkonur þeirra.

# Winehouse ástfangin

Söngkonan Amy Winehouse er tekin aftur saman við fyrrverandi eiginmann sinn, Blake Fielder-Civil, en hjónakornin skildu í fyrra eftir stormasamt samband. Parið sást skemmta sér á djassstað í London um helgina og virtust þau mjög ástfangin að sögn sjónarvotta. „Hún bað okkur um að kalla hana frú Fielder-Civil. Þau virtust mjög ástfangin. Hún var mjög viðkunnanleg og hann var það sömuleiðis," var haft eftir eiganda staðarins. Fielder-Civil á einnig að hafa flutt inn á heimili Winehouse fyrr í mánuðinum, en hún keypti nýverið nýtt hús í hverfinu Camden í London.



**ÁSTFANGIN Á NÝ** Amy Winehouse er tekin aftur saman við fyrrverandi eiginmann sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

## ELDGOSIÐ



Söngkonan **Dilana Robichaux** er föst í Washington, en þaðan ætlaði hún að fljúga til Suður-Afríku. Þar er hún bókuð á nokkra tónleika, en hún neyðist allavega til að hætta við þá fyrstu. Ástæðan? Jú, eldgosið í Eyjafjallajökli.



Háðfuglinn **Jon Stewart** fjallaði um eldgosið í þætti sínum Daily Show í vikunni. Hann gerði grín að því að enginn fjölmiðlamaður í Bandaríkjunum virðist geta borið nafn Eyjafjallajökuls fram, en ein fréttakona sagði að nafnið væri eins og að einhver hefði tekið stafrófið, hent því jörðina og raðað stöfunum eftir því hvernig þeir lentu. Stewart ákvað því að kalla eldfjallið einfaldlega „Kevin".

Það var svo þungavigtarmaðurinn **Al Roker** sem gat borið nafnið tiltölulega rétt fram, en hann hafði augljóslega fengið hjálp frá heimamönnum þar sem hann var staddur á Hvolsvelli á dögunum að flytja fréttir af eldgosinu.



Frumsýning Iron Man 2 hinn 26. apríl hefur verið færð til Los Angeles vegna þess að stjörnur myndarinnar, þau Robert Downey Jr., **Scarlett Johansson** og Gwyneth Paltrow eru föst í stjörnuborginni.



Glamúrmódelið **Katie Price** og kærastinn hennar, klæðskiptingurinn og bardagamaðurinn Alex Reid, eru innlyksa í Egyptalandi. Hún er ólm í að komast til Bretlands þar sem börnin hennar bíða eftir mömmu sinni.



Bítillinn **Sir Paul McCarteny** situr í New York ásamt dóttur sinni Beatrice. Hún mun missa af fyrstu dögunum í skólanum. Hversu áhrifamikið getur eitt eldgos verið?


FLUGBEITT OG FJÖRUG

Frábær skvísubók sem hefur verið lýst sem bræðingi af *Aðþrengdum eiginkonum* og *Stuttu ágripi af sögu traktorsins á úkraínsku*.

Léttleikandi og dásamlega kaldhæðin saga.

★ ★ ★ ★ ★
amazon.com




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

MINNUM Á ÁVÍSUNINA Í VIKU BÓKARINNAR




FRÁ JAMES CAMERON KEMUR STÆRSTA MYND ALLRA TÍMA
AVATAR
LENDIR Í ELKO Á DVD OG BLU-RAY HD 21. APRÍL
VILTU VINNA EINTAK?
10. HVER VINNUR!
SMS LEIKUR
AVATAR
AVATAR
ELKO
SENDU SMS SKEYTIÐ
EST AVA Á NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ EINTAK!
FULLT AF AUKAVINNINGUM
TÖLVULEIKIR • DVD MYNDIR • GOS
OG MARGT FLEIRA!
Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

## > Aðalsteinn tekur við Eisenach

Aðalsteinn Eyjólfsson tók í gær við þjálfun þýska B-deildarliðsins Eisenach í handbolta. Hann þjálfaði áður Kassel en liðið varð gjaldþrota fyrr í vetur og missti í kjölfarið marga leikmenn. Fram kom á heimasíðu Eisenach í gær að um 5-6 þjálfarar hafi komið til greina en að forráðamenn félagsins séu afar ánægðir með að hafa náð samningum við Aðalstein. Hann mun stýra liðinu í síðustu fjórum leikjum tímabilsins og svo hefja undirbúning fyrir það næsta. Eisenach er sem stendur í tíunda sæti suðurriðils B-deildarinnar.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ÚRSLITAKEPPNI N1-DEILDAR KVENNA:** VALUR NÚ EINUM SIGRI FRÁ TITLINUM

# *Stefnum á að klára dæmið á heimavelli*

Valsstúlkur sigruðu Fram í annarri viðureign liðanna, 24-31, í gær og eru nú komnar 2-0 yfir í úrslitaviðureign liðanna um Íslandsmeistaratitilinn í N1-deild kvenna.

„Við erum búin að vinna tvo leiki en það þarf að vinna þrjá. Þetta er frábært hjá okkur en við megum ekki gleyma því að það þarf að klára þrjá leiki eins og ég sagði. Framliðið byrjaði gríðarlega vel og voru betri fyrstu fimmtán mínúturnar. Það kom svo loks að því að vörnin fór að virka vel og sóknin hrökk í gang. Síðustu 45 mínútur leiksins voru góðar og við enduðum hér með sannfærandi sigur,“ sagði Stefán Arnarsson, þjálfari Vals, eftir sigurinn í gær. Valsstúlkur voru mest allan leikinn með forystuna og í seinni hálfleik var sigurinn aldrei í hættu.

„Mér finnst alltaf erfitt að spila á móti Fram en munurinn á leiknum nú og þeim fyrsta er sá að við vorum að spila miklu betri sókn og vorum með betri skotnýtingu. Það skilaði sigrinum hér í dag.“

Hann hrósaði öllu liðinu vel og innilega. Berglind Hansdóttir, markvörður liðsins, átti góðan leik og segir hann Berglindi vera besta markvörð á landinu.

„Eins og ég hef sagt þá er vörnin okkar vopn og Berglind sýndi það og sannaði það hér í dag að hún er besti markmaður á Íslandi. Við vorum að spila góðan sóknarleik, náðum að nýta hraðaupphlaupin og ég er virkilega ánægður með allt liðið,“ bætti Stefán við.

Þriðji leikur liðanna fer fram í Vodafone-höllinni á föstudaginn. „Við förum í alla leiki til að vinna og auðvitað stefnum við á það að klára dæmið á heimavelli. En við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum að spila við gríðarlega sterkt Fram-lið,“ sagði Stefán.



Askan hefur víða áhrif:

## Meistaradeildarleik frestað

**HANDBOLTI Evrópska handknattleikssambandið ákvað í gær að fresta viðureign Chehovski Medvedi og Montpellier í fjórðungsúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn átti að fara fram á fimmtudaginn en franska liðið hefði þurft að leggja á sig 3.500 kílómetra rútuferð til að komast á leiðarenda í Rússlandi. Talið er að slík rútuferð hefði tekið um 50 klukkustundir.**

**Flugsamgöngur í Evrópu liggja víða niðri vegna öskunnar úr Eyjafjallajökli en leikurinn á nú að fara fram á laugardaginn. - esá**


SANYL
ÞAKRENNUR



• RYÐGA EKKI
• PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
• STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
• AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
• ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755


# Mourinho sá við Barcelona

**Inter er í góðri stöðu eftir 3-1 sigur á Evrópumeisturum Barcelona í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Þó er ekki öll nótt úti enn fyrir Lionel Messi og félaga og gæti markið sem liðið skoraði í gær reynst dýrmætt.**

**FÓTBOLTI** Inter frá Ítalíu vann í gær sannfærandi 3-1 sigur á Evrópumeisturum Barcelona í fyrri viðureign liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Barcelona vann allt sem hægt var að vinna á síðustu leiktíð en þarf nú að takast á við það erfiða verkefni að vinna ógnarsterkt lið Inter með minnst tveggja marka mun á heimavelli sínum.

Þessi lið mættust reyndar í riðlakeppninni í haust og þá vann Barcelona 2-0 sigur á Inter á heimavelli sínum. En það var ekki að sjá á lærisveinum hins klóka Jose Mourinho að þeir myndu leyfa því að endurtaka sig nú.

Leikurinn byrjaði þó vel fyrir meistarana því að Pedro Rodriguez kom Barcelona yfir á nítjándu mínútu leiksins með ágætu skoti eftir undirbúning Maxwell.

En heimamenn voru duglegir að láta til sín taka og náði Diego Milito tvívegis að koma sér í ágæt færi án þess þó að færa sér það í nyt. En hann átti eftir að koma meira við sögu og náði að leggja upp mark fyrir Wesley Sneijder ellefu mínútum eftir mark Barcelona.

Hann lagði svo upp annað mark í upphafi síðari hálfleiks, í þetta sinn fyrir Maicon sem skoraði laglegt mark úr erfiðri stöðu.

Það var því viðeigandi að Milito sjálfur myndi skora þriðja mark sinna manna stuttu síðar. Eftir snarpa sókn Inter komst Sneijder í gott skallafæri en boltinn var þó á leiðinni út af þegar að Milito kom boltanum í netið af stuttu færi. Sóknarleikur Inter var afar sannfærandi enda stillti Mourinho upp sókndjörfu liði með þrjá framherja og Sneijder á miðjunni.



**SKORUÐU ÞRJÚ** Leikmenn Inter fagna marki Wesley Sneijder, lengst til hægri, gegn Barcelona í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Börsungar gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að skora annað útivallarmark en þó gæti þetta eina sem þeir skoruðu í gær gæti reynst dýrmætt þegar uppi er staðið.

Inter er nú í lykilstöðu og á möguleika að koma sér í úrslitaleik Evrópukeppninnar síðan 1972.

Zlatan Ibrahimovic, leikmaður Barcelona, átti afleitan leik á sínum gamla heimavelli í gær og þá náði Lionel Messi sér ekki á strik frekar en margir aðrir Börsungar.

Sigurvegari kvöldsins var þó stjórinn Jose Mourinho hjá Inter en hann þarf nú að leita leiða til að stöðva Börsunga á heimavelli þeirra. Liðin mætast þar í næstu viku.

Lið Barcelona þurfti að ferðast með rútu til Mílanó þar sem flug hefur legið víða niðri í Evrópu. Pep Guardiola sagði að það hefði engu máli skipt. „Við erum nú komnir í undanúrslit og löngunin til að komast í úrslitin ætti að vera öllu öðru yfirsterkara,“ sagði Guardiola.

„Þetta var frábær sigur hjá okkur og sérstaklega var varnarleikurinn góður,“ sagði Milito. „Við gerðum það sem þurfti til að stoppa þá Lionel [Messi] og Zlatan [Ibrahimovic.].“

**eirikur@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### *N1-deild kvenna*

**Fram - Valur** **24-31 (11-13)**

**Mörk Fram (skot)**: Stella Sigurðardóttir 8 (17), Karen Knútsdóttir 7/6 (14/7), Ásta Birna Gunnarsdóttir 3 (4), Pavla Nevarilova 2 (2), Hildur Þorgeirsdóttir 2 (9), Hafdís Hinriksdóttir 1 (1), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1 (1).
**Varin skot**: Íris Björk Símonardóttir 15/1, Helga Vala Jónsdóttir 1.
**Hraðaupphlaup**: 3 (Karen, Stella, Hafdís)
**Fiskuð víti**: 7 (Pavla 5, Hildur, Ásta)
**Utan vallar**: 4 mín.
**Mörk Vals (skot)**: Hildigunnur Einarsdóttir 6 (10), Kristín Guðmundsdóttir 6 (8), Hrafnhildur Skúladóttir 5 (11/1), Rebekka Rut Skúladóttir 5 (6), Ágústa Edda Björnsdóttir 3 (6), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 (4), Brynja Dögg Steinsen 2 (4/3), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (3).
**Varin skot**: Berglind Íris Hansdóttir 13.
**Hraðaupphlaup**: 1 (Rebekka).
**Fiskuð víti**: 4 (Rebekka, Anna, Kristín, Íris).
**Utan vallar**: 6 mín.
**Dómarar**: Anton Pálsson og Hlynur Leifsson, góðir.

### *Meistaradeild Evrópu*

**Inter - Barcelona** **3-1**
0-1 Pedro Rodriguez (19.), 1-1 Wesley Sneijder w(30.), 2-1 Maicon (48.), 3-1 Diego Milito (61.).

### *Enska B-deildin*

**Scunthorpe - Reading** **2-2**
Gylfi Sigurðsson var í byrjunarliði Reading og skoraði síðara mark liðsins úr vítaspyrnu.
**QPR - Watford** **1-0**

### *Sænska úrvalsdeildin*

**Norrköping - Solna** **111-83**
Þetta var fimmti leikur liðanna í undanúrslitum úrslitakeppninnar. Helgi Már Magnússon skoraði tvö stig fyrir Solna en Norrköping mætir Plannja í úrslitarimmunni um sænska meistaratitilinn.

### *Sænska B-deildin*

**Hammarby - GIF Sundsvall** **2-1**
Ari Freyr Skúlason var í byrjunarliði Sundsvall en fékk að líta beint rautt spjald á 88. mínútu. Hannes Þ. Sigurðsson kom inn á sem varamaður.
**Jönköping - Ängelholm** **1-3**
Heiðar Geir Júlíusson kom inn á hjá Ängelholm.


TOYO TIRES
Sumardekkin færðu hjá okkur!
Vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði




Reykjavík
NESDEKK
Reykjanesbæ
Nýtt og betra hjólbarðaverkstæði
S: 590 2006 / 590 2007
Bílabúð Benna
Hjólbarðaverkstæði Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - S: 590 2000 / Nesdekk - Fiskislóð - sími 561 4110 / Nesdekk - Reykjanesbæ - sími 420 3333




# Frábærar sumargjafir

Það verður opið sumardaginn fyrsta frá kl. 11:00–16:00

***Allir krakkar fá nammi í poka í tilefni dagsins!***

# Jói útherji

**síðan 1999**

Ármúla 36 • 108 Reykjavík • Sími 588 1560

> **Heidi Klum**

„Það hafði engin áhrif á frama minn að hafa ekki verið horuð. Ég tók reyndar aldrei þátt í tískusýningum því fötin komust ekki yfir mjaðmirnar á mér.“

***Heidi Klum stýrir þættinum Project Runway sem sýndur er á Stöð 2 kl. 20.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HLUSTAR Á TVÖ LÖG Á LEIÐINNI Í VINNUNA

# *Morgunstund með Mötley Crüe*

Morgunstund gefur ekki gull í mund. Ég geng í gegnum helvíti á hverjum morgni þegar ég reyni að vakna. Þegar vekjaraklukkan hringir íhuga ég alvarlega að segja upp í vinnunni og svo ég geti sofið til hádegis – svo alvarleg er geðveilan sem ég berst aðeins við fyrir hádegi á virkum dögum. Ég hef þó ekki enn þá látið verða að því að hætta og enda alltaf á því að drattast fram úr rúminu.

Ábyrgð útvarpsmanna er gríðarleg þegar ég er kominn út í bíl. Þeir ákveða hvort ég fari í vinnuna í góðu eða slæmu skapi. Ég bý ekki langt frá vinnunni og get því yfirleitt aðeins hlustað á tvö lög á leiðinni (nei, ég nenni ekki að labba (já, ég veit að það er sorglegt)). Ef ég myndi stilla á Bylgjuna kæmi ég pottþétt sótillur í vinnuna eftir að Michael Bolton eða Phil Collins væru búnir að misþyrma skilningarvitunum. Ég get ekki stillt á Kanann þar sem ráðlagður dagskammtur af Bon Jovi er „haltu kjafti“. Sömu sögu má segja um Útvarp Sögu og FM 957 fær ekki einu sinni séns vegna þess að ég er með bráðaofnæmi fyrir amerískri R og B-tónlist.



Þá er Xið eftir. Vinnufélagar mínir geta yfirleitt þakkað morgunþættinum Ómari fyrir sólarljósið sem fylgir mér þegar ég mæti í vinnuna. Ef ég fæ að heyra slagara með The Smiths á mánudegi eða partíslagara frá Mötley Crüe á föstudegi fylgir mér björt ára í vinnuna sem fylgir mér út daginn. Ef Ómari verður hins vegar á og spilar Creed er dagurinn ónýtur.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.45** **How I Met Your Mother** STÖÐ 2



▶ **20.00** **Hairspray** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20** **Bráðavaktin** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05** **Britains Next Top Model** SKJÁR EINN



▶ **22.15** **Bones** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.20 Skólahreysti 2010** (4:5) (e)
**16.05 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2010** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... jörðin** (5:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Fínni kostur** (28:35)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Finnbogi og Felix** (14:26)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Bráðavaktin** (15:24)(ER XV) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasyrpan og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum.
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Konur í kvikmyndum** (From Weepies to Chick Flicks)Bresk heimildamynd um kvenhlutverk í Hollywood-myndum í áranna rás og þróun svokallaðra kvennamynda.
**23.10 Perlur og svín** Bíómynd eftir Óskar Jónasson frá 1998. (e)
**00.35 Kastljós**
**01.15 Fréttir**
**01.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Flubber**
**10.00 Love Wrecked**
**12.00 Hairspray**
**14.00 Reign Over Me**
**16.00 Flubber**
**18.00 Love Wrecked**
▶**20.00 Hairspray**
**22.00 Casino Royale**
**00.20 The Big Nothing**
**02.20 Next**
**04.00 Casino Royale**
**06.20 Mýrin**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími:** Ruff's Patch, Kalli og Lóa, Ævintýri Juniper Lee, Íkornastrákurinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (9:21)
**11.45 Gilmore Girls** (15:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (4:22)
**13.45 Sisters** (28:28)
**14.35 E.R.** (17:22)
**15.20 Njósnaskólinn**
**15.45 Barnatími:** Leðurblökumaðurinn, Ævintýri Juniper Lee, Ruff's Patch, Íkornastrákurinn
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (4:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (17:19)Fimmta sería þessa vinsælu þátta um Charlie Harper sem lifði í vellystingum þar til bróðir hans, Alan, flutti inn á hann með son sinn Jack. Í þessari seríu stendur yngsti karlmaðurinn á heimilinu á tímamótum. Hann er orðinn unglingur og að byrja í menntaskóla.
▶**19.45 How I Met Your Mother** (3:20)
**20.10 Project Runway** (7:14)Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem 12 ungir og upprennandi fatahönnuðir mæta til leiks og takast á við fjölbreyttar áskoranir.
**21.00 Grey's Anatomy** (18:24)
**21.50 Ghost Whisperer** (12:23)
**22.35 Goldplated** (4:8)
**23.25 Réttur** (6:6)
**00.15 The Secret Life of Words**
**02.05 E.R.** (17:22)
**02.50 Sjáðu**
**03.20 Private Moments**
**04.40 Grey's Anatomy** (18:24)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**07.20 Meistaradeild Evrópu** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**07.40 Meistaradeild Evrópu**
**08.00 Meistaradeild Evrópu**
**08.20 Meistaradeild Evrópu** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**16.00 Meistaradeild Evrópu (Inter - Barcelona)**
**17.40 Meistaradeild Evrópu** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**18.00 Meistaradeild Evrópu**
**18.30 Meistaradeild Evrópu** (Bayern - Lyon) Bein útsending.
**20.40 Meistaradeild Evrópu**
**21.00 Meistaradeild Evrópu** (Bayern - Lyon)
**22.40 Meistaradeild Evrópu**
**23.00 World Series of Poker 2009**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og Burnley í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**18.40 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Hull og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** (11:14) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Nýtt útlit** (8:11) (e)
**19.00 I´m A Celebrity... Get Me Out Of Here** (7:14)
**19.45 Matarklúbburinn** (6:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína. Hrefna galdrar fram gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana og hún er með skemmtilegar og spennandi uppskriftir sem hún kryddar með nýjum hugmyndum.
**20.15 Spjallið með Sölva (10:14)**
▶**21.05 Britain´s Next Top Model** (13:13) Raunveruleikaþáttaröð þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu. Það er komið að úrslitastundinni. Tvær stúlkur eru eftir en aðeins ein getur staðið uppi sem sigurvegari.
**21.55 Life** (1:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Þetta er önnur þáttaröðin um Charlie Crews sem fékk milljónir í skaðabætur og gæti lifið lúxuslífi en ákvað að snúa aftur til starfa í lögreglunni. Í fyrsta þættinum eltist hann við raðmorðingja sem kæfir fórnarlömb sín í kistum sem hann skilur eftir vítt og breytt um borgina.
**22.45 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Aðalgestur hans að þessu sinni er leikkonan Brooke Shields.
**23.30 CSI: Miami** (24:25) (e)
**00.20 Heroes** (18:26) (e)
**01.05 Heroes** (19:26) (e)
**01.50 Battlestar Galactica** (9:22)
**02.35 Premier League Poker** (15:15) (e)
**04.20 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Skiptu á sumardekkin í dag

Sólning og Barðinn bjóða vönduð dekk í miklu úrvali frá Continental, Hankook, Nakang og Mastercraft.



Hankook Continental Mastercraft TIRES NANKANG

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722

SÓLNING | BARÐINN
Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

Afgreiðslutímar í Sólningu, Smiðjuvegi og Barðanum, Skútuvogi: Virka daga **8.00–18.00**, laugardaga **9.00–13.00**

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.00**

### Grey's Anatomy

Þetta er sjötta sería þessa vinsæla sjónvarpsþáttar sem gerist á skurðstofu Grace-spítalans í Seattle. Þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar, en flókið einkalíf þeirra á það til að gera erfitt starf enn erfiðara.
Grey's Anatomy er vinsælasti erlendi þátturinn á Stöð 2 síðustu árin.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Life**

### Skjár einn 21.55



**Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Þetta er önnur þáttaröðin um Charlie Crews sem fékk milljónir í skaðabætur og gæti lifað lúxuslífi en ákvað að snúa aftur til starfa í lögreglunni. Í fyrsta þættinum eltist hann við raðmorðingja sem kæfir fórnarlömb sín í kistum sem hann skilur eftir vítt og breitt um borgina.**

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Íslensk máltækni
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Seiður og hélog
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Forboðnar sögur
**21.10** Út um græna grundu
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Ellismellir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors**
**17.45 Falcon Crest** (11:18)
**18.35 Friends** (4:25)
**19.00 The Doctors**
**19.45 Falcon Crest** (11:18)
**20.35 Friends** (4:25)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (12:24)Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.
▶**22.15 Bones** (11:22)Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance "Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**23.00 Entourage** (12:12)
**23.30 Louis Theroux: Behind Bars**
**00.30 Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan**
**01.00 Fréttir Stöðvar 2**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## DR 1

**10.00** DR Update **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet med Vejret **11.30** Seinfeld **12.00** Det sidste stik **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co. **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjorn altid noget galt.**15.30** Min farfars rekordbog **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Manden som loj verden i krig **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** HåndboldOnsdag **20.30** SportNyt **20.40** HåndboldOnsdag **21.20** Onsdags Lotto **21.25** OBS **21.30** Sager der nager **22.00** Arn

## NRK 1

**11.25** Urix **11.45** Duften av nybakt **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat**15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Forkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** FBI **18.15** På tur med Lars Monsen **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Himmelblå **22.30** Skavlan
**23.30** Svisj gull

## SVT 1

**10.05** Åh, Herregud! **10.35** Kvartersdoktorn **11.05** Dox. Bananas **13.00** De vilda svanarna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **15.25** AnneMat **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Andra Avenyn **19.45** Trapper happy tv **20.00** True Blood **20.55** X-Games **21.40** Skavlan **22.40** Landet runt




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Besti bitinn í bænum? Það er stórmeistarajafntefli Búllunnar og Bæjarins bestu. Það er bara þannig. Á tímabili lifði ég ekki á öðru en Búlluborgurum.“*

Jóhann Alfreð úr uppistandshópnum Mið-Ísland.

# Ingólfur Bjarni slær í gegn í Þýskalandi

Sjónvarpsfréttamaðurinn Ingólfur Bjarni Sigfússon fór fyrir viku til Þýskalands og hugðist eyða dágóðri stund í að kynna sér starfsemi sjónvarpsstöðvarinnar ZDF. Hann var varla fyrr búinn að koma sér makindalega fyrir en að eldgosið í Eyjafjallajökli lokaði á allar flugsamgöngur í Evrópu og hann var farinn að flytja fréttir af Íslandi í þýsku sjónvarpi við góðan orðstír.

„Týpískt íslenskt, að lenda í einhverju svona,“ segir Ingólfur þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Ingólfur talar reiprennandi þýsku og því átti hann ekki í miklum erfiðleikum með að bregðast við þessum óskum frá þýsku sjónvarpsstöðinni. „Þeirra maður komst ekki til Íslands fyrr en í gær [í fyrradag og þeir urðu að brúa þetta með einhverjum hætti,“ segir Ingólfur.

Sjónvarpsfréttamaðurinn hafði verið á þönum þegar Fréttablaðið náði tali af honum og hafði lítinn tíma fyrir spjall. „Ég vaknaði klukkan fjögur í morgun og mætti þá í morgunsjónvarpið hjá þeim og ræddi um eldgosið og er núna á leiðinni til Frankfurt til að vera í þýskum spjallþætti hjá ARD sem heitir Bechmann,“ útskýrir Ingólfur sem kvartar þó ekki enda námsferðin virkilega staðið fyrir sínu. „Þetta er alvöru námsferð, maður fær alvöru innsýn í þetta svona.“ **- fgg**



**HJÁ ÞÝSKA SJÓNVARPINU** Ingólfur Bjarni Sigfússon hefur farið á kostum í umfjöllun sinni um eldgosið á þýsku sjónvarpsstöðinni ZDF.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** lofttegund, **6.** samanburðartenging, **8.** ái, **9.** rangl, **11.** verslun, **12.** búpeningur, **14.** miklu, **16.** í röð, **17.** sigað, **18.** dá, **20.** samtök, **21.** engi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** erindi, **3.** átt, **4.** glýja, **5.** lúsaegg, **7.** kennslubók, **10.** ílát, **13.** fugl, **15.** án, **16.** kerald, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** óson, **6.** en, **8.** afi, **9.** ráf, **11.** bt, **12.** smali, **14.** stóru, **16.** áb, **17.** att, **18.** mók, **20.** aa, **21.** akur.

**LÓÐRÉTT: 1.** vers, **3.** sa, **4.** ofbirta, **5.** nit, **7.** námsbók, **10.** fat, **13.** lóa, **15.** utan, **16.** áma, **19.** ku.




GÍSLI ÖRN GARÐARSSON: EINN MESTI HEIÐURINN Á FERLINUM

# Setja Faust upp í Young Vic

„Þetta er ein af stóru stundunum,“ segir Gísli Örn Garðarsson en uppfærsla Vesturports og Borgarleikhússins á hinni sígildu sögu um Faust verður fjörutíu ára afmælissýning leikhússins Young Vic í Lundúnum. Leikhúsið er eitt af þeim stóru á Englandi og því er um að ræða feikilegan heiður fyrir Vesturportsfólk. Við taka nú þrotlausar æfingar á verkinu á ensku og verður enskum tungumálakennara flogið til Íslands til að hafa yfirumsjón með tungumálaæfingunum. Sýningin verður á fjölum leikhússins í sex vikur og verður sýnt alla daga vikunnar, alls fjörutíu og tvær sýningar en frumsýnt verður 1. október.

Þessi árangur Vesturports og Borgarleikhússins er ekki síst merkilegur í því ljósi að Young Vic-leikhúsið var stofnað sérstaklega til að gefa ungu listafólki á Bretlandseyjum tækifæri til að koma listsköpun sinni á framfæri og vera með það framsæknasta og frumlegasta sem í gangi er hverju sinni í bresku leikhúslífi. Meðal þeirra sem hafa stigið sín fyrstu skref á fjölum leikhússins eru stórleikarar á borð við Helen Mirren, Judi Dench, Jude Law, Ian McKellen og Clive Owen og þá má til gamans nefna að hin goðsagnakennda rokkgrúppa The Who hélt vikulega tónleika í húsinu til að æfa fyrir upptökur á meistarastykki sínu Who‘s Next. David Lan, leikhússtjóri Young Vic, var viðstaddur frumsýningu Faust hér á landi í janúar og heillaðist af verkinu. „Gísli og Vesturport hafa verið stór hluti af Young Vic undanfarin ár. Okkur þykir mikið til þeirra koma og finnst frábært að fá tækifæri til að vinna með þeim. Ekki skemmir heldur fyrir að áhorfendurnir okkar kunna vel að meta sýningarnar þeirra,“ segir Lan en Vesturport setti upp hina margrómuðu Rómeó og Júlíu í leikhúsinu fyrir átta árum sem vakti mikla athygli. „Við erum því himinlifandi að hafa fengið bæði Vesturport og Borgarleikhúsið til liðs við okkur og Faust verður miðpunkturinn á afmælisdagskránni okkar.“

Gísli segir að þegar menn haldi upp á svona stórafmæli vilji þeir vanda vel til verka. Því hvíli mikil ábyrgð á herðum leikhópsins sem stendur að Faust. „Það sem gerir þetta óvænt er að við erum íslensk og það er alveg sama hversu hart við leggjum að okkur í tungumálinu þá breytir það ekki þeirri staðreynd að við erum íslensk. Maður hefði kannski haldið að þeir myndu setja saman einhverja sýningu með meiri sögulegri skírskotun en þetta sýnir kannski best hversu mikill heiður þetta er fyrir okkur. Maður er bara eiginlega í skýjunum.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**AFMÆLISSÝNING YOUNG VIC**
**Gísli Örn Garðarsson** segir þetta vera eina af stóru stundunum í sögu Vesturports en samstarfssýning hópsins og Borgarleikhússins um Faust verður fjörutíu ára afmælissýning leikhússins Young Vic í London. David Lann, leikhússtjóri Young Vic, er feikilega ánægður með að hafa fengið sýninguna á þessum merkilegu tímamótum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Íslensku poppstjörnurnar í **The Charlies** búa sig nú undir að flytjast búferlum til Los Angeles þar sem þær ætla að taka tónlistarbransann með trompi. Stúlkurnar nýta sér netið til kynningarstarfsemi og hafa sett upp aðdáendasíðu á Facebook. Á síðunni geta áhugasamir séð að stúlkurnar hafa komið sér upp nýjum nöfnum fyrir búferlaflutningana. Þannig verður Steinunn Camilla að „Camilla Stones“, Klara Ósk Elíasdóttir heitir „Klara Elias“ og Alma Guðmundsdóttir kallast „Alma Goodman“.



Þær stúlkur í The Charlies eru þó ekkert þær einu sem hafa breytt um nafn á leið sinni til Ameríku. Fyrstur var eflaust Peter Ronson eða Pétur Rögnvaldsson sem lék í Journey to the Center of the Earth fyrir allmörgum áratugum. **Svala Karítas Björgvinsdóttir** er einnig í þesum hópi. Hún heitir nú Svala Kali sem vísar eflaust til þess að hljómsveitin hennar, Steed Lord, gerir út frá Kaliforníu.

Og Spaugstofan hefur verið á milli tannanna á fólki eftir að hún kvaddi á laugardaginn. Einn þeirra sem hefur tekið upp hanskann fyrir fjórmenningana er **Egill Helgason** en hann segir þá Karl, Pálma, Örn og Sigurð eiga hrós skilið fyrir vandaða þætti. Egill er einn þeirra sem hefur sótt um dagskrárstjórastöðu Sjónvarpsins og Spaugstofan á því hauk þar í horni ef fjölmiðlamaðurinn fær starfið.



**- hdm / fgg**




# Rándýr leigubíll frá Barcelona

„Ég mæli ekki með svona ferðalagi en þetta var bara eina leiðin til að komast heim,“ segir Ágúst Jakobsson kvikmyndagerðarmaður. Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku var Ágúst fenginn til að taka upp auglýsingu með Lionel Messi, besta knattspyrnumanni heims. Auglýsingin er fyrir kínverskt fjármálafyrirtæki og var hluti hennar tekinn í Barcelona. Ágúst komst með naumindum þangað áður en flug lagðist af í Evrópu vegna eldgossins í Eyjafjallajökli og hann lenti í miklum vandræðum með að komast heim til London. Það var þó bót í máli að tökurnar með Messi gengu mjög vel.

„Það lá allt flug til London og Englands niðri, allar lestir voru fullar og ekki var hægt að fá bílaleigubíla í Barcelona. Við tókum því leigubíl sem breska framleiðslufyrirtækið sem ég var að vinna hjá borgaði,“ segir Ágúst. Leigubílnum deildi hann með fimm vinnufélögum sínum og reikningurinn var þokkalegur; um fjögur þúsund evrur eða tæpar 700 þúsund íslenskar krónur.

„Þetta var Mercedes Benz Vito Mini Van sem var bara þokkalega þægilegur fyrstu tíu tímana til Parísar en svo var maður alveg búinn að fá hundleiða á þessari keyrslu,“ segir Ágúst sem komst heim til sín klukkan fjögur um nótt eftir tuttugu tíma ferðalag. Á mánudag er svo ráðgert að hann haldi til Peking í Kína til að klára gerð auglýsingarinnar. „Nú er bara spurning hvort ég komist þangað,“ segir Ágúst. **- hdm**



**Á BENSÍNSTÖÐ Í FRAKKLANDI** Ágúst Jakobsson þurfti að keyra frá Barcelona til London eftir að hafa tekið upp auglýsingu með Lionel Messi. Tökurnar gengu vel en heimferðin var hræðileg að sögn Ágústs.


20%
afsláttur
af öllum barnavörum:
Barnafatnaður
Barnaskór
Barnalínuskautar
Barnahjól
Gildir til sunnudags.
Við erum í
sumarskapi!
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



visir.is „...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Rafmagnað andrúmsloft

Það vakti nokkra athygli þegar ritstjóri Kastljóssins, Sigmar Guðmundsson, gagnrýndi samstarfsfélaga sína á Rás 2 og sakaði þá um „hórerí". Páll Magnússon blandaði sér í þessa umræðu og taldi ummæli Sigmars ekki við hæfi. Útvarpsfólkið var ekki lengi að svara fyrir sig því nýverið las Víðsjár-maðurinn **Haukur Ingvarsson** á Rás 1 Kilju-fólkinu Kolbrúnu Bergþórsdóttur og Agli Helgasyni pistilinn fyrir gagnrýni þeirra á bókina The Road sem Hauki fannst ekki sanngjörn.



### Járnið ekki hamrað

Og það vakti mikla athygli þegar skoðanakönnun Fréttablaðsins í mars leiddi það í ljós að Besti flokkur **Jóns Gnarr** fengi tvo menn í borgarstjórn ef gengið yrði til kosninga þá. Margir bjuggust þá við að flokksvélin myndi byrja að mala. En aldeilis ekki. Ekkert nýtt hefur komið inn á vef flokksins, bestiflokkurinn.is, síðan skoðanakönnunin var birt og ljóst að flokkurinn vinnur eftir hinu sígilda hugtaki: „Less is more".



### Endurreisn Íslands 101

Fantaflottur hádegisfyrirlestur bandarísk-svissneska lögfræðingsins dr. Daniels Levins um stjórnarfar og forystu í lýðræðisríkjum var líkastur skyndinámskeiði í endurreisn efnahagslífsins en Levin er kunnur ráðgjafi ríkisstjórna víða um heim sem lent hafa í bankahruni. Á fyrirlesturinn hlýddu meðal annarra Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar Alþingis, Gunnar Andersen, forstjóri FME, Friðrik Sophusson, Árni Tómasson og Ólafur Ísleifsson, sem allir tengjast Íslandsbanka og kröfuhöfum. Ekki er vitað hvort aðrir bankar hafi átt fulltrúa á fundinum. - jab/- fgg

## Mest lesið visir.is

1. Maður sem innbyrti stíflueyði enn þungt haldinn
2. Lögreglan á Hvolsvelli þakkar fyrir aðstoðina
3. Davíð og Halldór réðu ferðinni við bankasöluna
4. Fjármálaráðherra gagnrýnir yfirlýsingar Ólafs Ragnars
5. Flestir vantreysta Morgunblaðinu og DV





Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

